

Ágrip

Myndhverfing er það kallað þegar merking orða yfir einhvern veruleika er færð yfir á annan óskyldan veruleika. Sú síðari er þá kölluð yfirfærð merking. Þetta er gert með því að nota orðfærið um fyrri veruleikann yfir þann seinni líka. Með myndhverfingu er sú merking sem orðin draga af einhverju sýnilegu eða augljósu notuð til að gefa einhverju flóknu og minna augljósu skýrari merkingu. Hitta naglann á höfuðið er eða væri réttilega sagt um þann sjálfsagða verknað við smíðar að hitta með hamrinum á höfuð naglans en líka, með myndhverfingu, þegar sannleikurinn er sagður með einföldum orðum um flókin hlut. Kúvenda fær með myndhverfingu yfirfærðu merkinguna að skipta rækilega um skoðun eða afstöðu en fáir vita líklega hvað það merkti upphaflega og enn færri, ef nokkrir, hafa séð þann verknað. Slíkt orðfæri verður að föstum orðasamböndum, orðtökum, og mikill hluti orðtakasafns íslenskunnar er myndhverfingar sem urðu til í gamla bændasamfélaginu. Það samfélag er horfið og því missir marks skírskotunin sem í þeim var til upprunalegu merkingarinnar, til þess veruleika sem yfirfærða merkingin er dregin af. Þessi orðtök fela þannig í sér það gamla orðfæri sem notað var um veruleika sem nú er horfinn og bera því ekki lengur merkingu hans með sér yfir í þann veruleika sem þau eru nú notuð um. Þau vekja ekki lengur fyrri merkingartengsl, eru ekki lengur myndhverfingar heldur tiltekið orðfæri, oft ekki þjált eða hentugt og því frekar til trafala hugsuninni heldur en til hjálpar. Þetta eru hinar dauðu myndhverfingar tungunnar, líkin í lestinni.

Dauðar myndhverfingar eru hvarvetna í töluðu máli okkar og textum og þannig mæta þær nemendum í skólum landsins en líka sem viðfangsefni til náms beinlínis. Þær eru hluti af arfi tungunnar sem nemendum ber að taka við og skila áfram til komandi kynslóða.

Margt bendir til þess að nemendur svari ekki því kalli. Í viðtölum okkar við kennara og nemendur á unglíngastigi grunnskóla kemur í ljós neikvætt viðhorf til íslenskunnar og hluta þess teljum við að megi rekja til þessara dauðu myndhverfinga sem haldið er að nemendum með rótslitnu orðfæri liðins tíma. Við teljum að breyta þurfi um stefnu í móðurmálskennslunni til þess að vinna nemendur á band tungunnar en þeir upplifi hana ekki í námi sínu sem framandi og jafnvel fjandsamlegt tungumál.

Formáli

Árið er 2011. Ungur maður stundar nám við Iðnskólann í Hafnarfirði. Hann hafði um nokkurra ára skeið unnið við smíðar en ákvað síðan að setjast á skólabekk. Ungi maðurinn vildi ekki hafa of mörg járn í eldinum, því sagði hann upp vinnu sinni og helgaði náminu allan sinn tíma. Hann sótti á dögnum námskeið í eldsmíði sem haldið var í Iðnskólanum. Í kjölfar þess var hann fenginn til að smíða sinkla í gamla timburkirkju á Suðurnesjunum. Hann setti járn í eldinn og hamraði það meðan það var heitt en sóttist verkið heldur seint. Þá stakk kennarinn upp á því að hann hefði fleiri járn í eldinum. Hann fór að þeim fyrirmælum og hamraði í gríð og erg en hafði ekki undan og því fór járnid að bráðna. Hann reyndi því á eigin skinni að það er ekki gott að hafa of mörg járn í eldinum. Sjaldnast eða aldrei vitnast fólki þó hvað býr að baki þeim fjölda orðtaka sem eiga uppruna sinn í horfinni verkmenningu og öðrum liðnum veruleika. Þau vakna því ekki til síns fyrra lífs eins og járnin í eldi eldsmiðsins í þessari sögu, verða ekki lifandi myndhverfingar á ný.

Efnisyfirlit

Formáli	4
Inngangur	6
1. Myndhverfingar	9
1.1 <i>Analógía</i>	9
1.2 <i>Myndhverfing</i>	11
1.3 <i>Virkni og tenging við hlutveruleikann</i>	12
1.4 <i>Myndhverf orðtök</i>	14
1.5 <i>Gagnrýni á myndhverfingar</i>	15
1.6 <i>Gagnvirkt samband tungumáls og veruleika</i>	17
2. Myndhverfingar í íslensku samhengi	19
2.1 <i>Myndun orðaforða</i>	19
2.2 <i>Um geymd orðaforðans</i>	20
2.3 <i>Tungumál undir áhrifum</i>	22
2.4 <i>Málrækt Íslendinga</i>	23
2.5 <i>Dauðar myndhverfingar</i>	27
2.6 <i>Afleiðingar myndhverfingadauðans</i>	29
3. Upplifun grunnskólanema af myndhverfingum	33
3.1 <i>Málræktarhlutverk skólakerfisins</i>	33
3.2 <i>Tilgangur og framkvæmd viðtala</i>	33
3.3 <i>Viðtal við kennara</i>	34
3.4 <i>Viðtal við nemendur</i>	36
4. Umræður	38
4.1 <i>Er íslenskukennsla á villigötum?</i>	38
4.2 <i>Nýsköpun á meðal unglunga</i>	40
4.3 <i>Nýsköpun í tungumálinu</i>	41
4.4 <i>Nýmyndun án ritskoðunar</i>	42
4.5 <i>Lífslíkur myndhverfinga</i>	43
Lokaorð	45
Heimildaskrá	48

Inngangur

Með vaxandi áhuga okkar á málinu leiðum við hugann í auknum mæli að uppruna orðtaka þegar við rekumst á þau, veltum fyrir okkur hvers vegna svo er tekið til orða og til hvaða atburðarásar er vísað. Oft stöndum við á gati, vegna þess að við höfum ekki uppflettirit við höndina eða það veitir ekki fullnægjandi svör, og verðum þá að setta okkur við að þekkja aðeins yfirfærða merkingu orðtaksins. Ungi maðurinn í sögunni hér á undan var svo lánsamur að geta komist að uppruna tveggja gamalla orðtaka með því að lenda sjálfur í raunverulegum aðstæðum sem eru þær sömu og orðtökin urðu til í. Fæstir verða slíks láns aðnjótandi því aðstæður í nútímasamfélagi bjóða sjaldan upp á þá upplifun sem tengd er gömlum orðtökum bændasamfélagsins. Þetta leiðir til þess að mynd orðtakanna birtist nútíma málnotendum ekki ljóslifandi og tilfinningin fyrir merkingu þeirra verður ekki eins sterk og í upphafi. Orðtökin tengja þá vissulega við fortíðina en þetta rof við uppruna orðtakanna gerir það að verkum að tungumálið á í vissum erfiðleikum sem ætlunin er að varpa ljósi á í þessari ritgerð.

Flestar kenningar um uppruna tungumála hníga að því að þau hafi sprottið út frá skynjun og viðbrögðum mannsins við umhverfi sínu og þörf hans fyrir að eiga samskipti (Boeree, 2003). Sá uppruni tungumáls og viðvarandi uppspretta gerir það eðlilega mjög skynrænt, ekki síst sjónrænt. Þegar lýsa á veruleika sem ekki er eins skynrænn og daglegt tungutak okkar þá grípum við til þeirra orða sem draga merkingu sína af skynrænni reynslu okkar og yfirferum þau yfir á önnur hugtök, látum þau heita sama orði eða orðum eða beitum með öðrum hætti samlíkingum til þess að vekja hugmynd um þann veruleika sem við með þessum hætti erum að orða, setja í orð. Myndhverfingar skipa stóran sess í flestum tungumálum en þær eru tilraun mannsins til að lýsa framandi veruleika með því að líkja honum við annan sem hann hefur reynslu af (Baldur Ragnarsson, 1956:57-58).

Orðtök eru heil orðasambönd sem eru myndhverf. Þau lýsa atburði sem notendur tungumálsins þekkja og kalla þannig fram mynd í hugann af tiltekinni athöfn, atburði eða hlut (Halldór Halldórsson, 1954:12-14). Íslenska er rík af orðtökum og mörg eiga uppruna sinn að rekja langt aftur í aldir, til hernaðar, búskapar eða sjósóknar. Í þeim speglast menning fornra tíma vegna þess að líkingar myndhverfinganna eru þangað sóttar (Baldur Ragnarsson, 1956:83). Notkun þeirra er mjög algeng, í daglegu tali jafnt og í bókmenntatextum, og menn grípa til þeirra þegar þeir vilja auðga mál sitt eða víkja frá því sem venjulega er sagt (Sölvi

Sveinsson, 1993:17). Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að orðtök lifa í málinu. Það getur legið í því að þau séu lýsandi, séu þjál í munni, hafi hrynjandi, takt og stuðlasetningu en einnig tregðu tungumálsins til að skipta um orðfæri.

Málrækt, að varðveita og efla málið, hefur lengi verið Íslendingum hugleikin. Sterkt samband ríkir á milli þeirra og móðurmálsins, það hefur mótað sjálfsmynd þeirra og samfellan í íslensku máli frá upphafi ritaldar til dagsins í dag er stolt þeirra og þrýði (Ari Páll Kristinsson, 1996:117; 2001). Skólakerfinu er ætlað stórt eða stærsta hlutverkið í þeirri baráttu sem varðveisla málsins er (Íslensk málnefnd, 2009). Kennarar eru varðmenn tungumálsins og þeirra hlutverk er að miðla því til nemenda og þar með þeim grúa myndhverfra orðtaka sem það ber í sér.

Sá stöðugleiki sem ríkti í bændasamfélaginu frá landnámi og fram til 19. aldar hefur líklega átt sinn þátt í því að þau orðtök sem urðu til í því samfélagi festust eins vel í sessi og raun ber vitni. Þjóðfélagið tók hins vegar gagngerum breytingum á 19. og sér í lagi 20. öldinni (Guðmundur Hálfðánarson, 1992:12) og því vaknar sú spurning hvaða afleiðingar þessar snöggu þjóðfélagsbreytingar hafa haft á íslensk orðtök og myndhverfingar þeirra. Hefur sú skírskotun til hlutbundins veruleika sem finna má í myndhverfingunum misst marks þegar veruleiki landsmanna er orðinn allt annar? Er íslenskan að burðast með lík myndhverfinga í lestinni? Ef uppruni eða merking orðanna er óþekkt skilar merkingaryfirfærsla orðtaksins sér ekki og því er ólíklegt að orðtakið sé upplýsandi. Þegar slíkur forsendubrestur verður og aðstæður myndhverfinganna breytast missa þær mátt sinn og hætta að kalla fram mynd í hugann til útskýringar vegna þess að málnotendur hafa ekki hugmynd um myndina sem vísað er til. Myndhverfingarnar deyja en eftir stendur orðalag þeirra, föst orðasambönd, sem segja ekki meira um þann veruleika sem fjallað er um en að vekja máls á honum sjálfum (Lakoff, 1987).

Í ritgerðinni skoðum við að hvaða marki myndhverfingar stórs hluta orðtakasafns Íslendinga eru dauðar og hvað það lífleysi hefur í för með sér fyrir málnotendur. Það gerum við með því að skoða hvernig tungumál verður til, rannsaka fyrirbærið myndhverfing og hvert hlutverk þess og virkni í raun og veru er. Því næst fjöllum við um myndhverfingar í íslensku samhengi, hvernig íslenskur orðaforði hefur mótast og þróast og hvaða áhrif málrækt Íslendinga hefur haft á þá þróun. Það leiðir okkur að dauðum myndhverfingum, hvernig þann dauða ber að höndum og hvaða afleiðingar hann getur haft fyrir málnotendur. Við skyggnumst inn fyrir dyr skólans til að sjá hvort þetta hefur í för með sér einhverja erfiðleika fyrir ungdóminn.

Hvernig horfir það við nemendum í dag að haldið sé að þeim tungutaki sem á rætur sínar í veruleika sem er þeim framandi og þeir hafa enga reynslu af? Verður það til þess að sú íslenska tunga sem mætir börnum í skólanum geri tungumálið að einhverju leyti framandi? Í framhaldi af því má velta því fyrir sér hvort þessi íhaldssemi komi í veg fyrir nýsköpun og tilraunir ungdómsins með myndhverfingar.

Til að leita svara við þessum spurningum tókum við viðtal við reyndan íslenskukennara, sem kennt hefur íslensku á unglingsstigi í yfir þrjú áratugi, og nokkra nemendur í 9. og 10. bekk í fámennum skóla á landsbyggðinni. Kennarinn sagði okkur frá því hvar áherslur hans í kennslu liggja og hvernig hann upplifir málvitund og málfar nemenda. Nemendurnir voru spurðir út í upplifun þeirra af eigin máli, viðhorf til íslenskukennslu og móðurmálsins almennt. Samhljómur var í máli kennarans og nemendanna, það er margt í málinu sem flækist fyrir nemendum og það gerir starf þeirra sem og kennarans erfiðara. Meginmarkmið íslenskukennslunnar er ekki uppfyllt og þar af leiðandi spyrjum við okkur hvort einhver stefnubreyting í íslenskukennslu þurfi ekki að eiga sér stað.

1. Myndhverfingar

1.1 Analógía

Til að öðlast skilning á fyrirbærinu myndhverfing er ráð að skoða gríska hugtakið analógía. Analógía hefur verið þýtt á íslensku sem samsvörun, samræmi, líking eða hliðstæða. Hugtakið byggist á hugmyndinni um „hið sama“, að eitthvað sé eins og eitthvað annað og því hvernig við greinum *breytur* í hlutunum og flokkum þá eftir því sem við ákveðum þannig að þeir annars vegar eigi sameiginlegt hver með öðrum og hins vegar því sem greinir þá að. Analógía byggir á þessu samsemdarkerfi og felur í sér yfirfærslu merkingar frá einu fyrirbæri yfir á annað (Silverman, 1983:87). Merking eins er flutt yfir á eitthvað annað. Ekki þó þannig að það síðara verði beinlínis það fyrri. Að segja að hugtak byggi á hugmynd um eitthvað merkir ekki að um raunverulega byggingu sé að ræða eða að raunveruleg bygging hafi átt sér stað. Samt sjáum við í þessum tveimur ólíku fyrirbærum eitthvað nægilega mikið „eins“ eða „það sama“, til að annað sé „líkt“ hinu. Á því byggir þessi merkingaryfirfærsla, að tengsl „hugmyndarinnar um hið sama“ og „hugtaksins“ séu með einhverjum hætti „eins“ og tengsl byggingar við grunninn sem hún hvílir á.

Margar kenningar eru um samsemdarhugtakið, hvað það merkir og hvaða forsendur séu fyrir því að segja að eitt sé það sama og annað, sé eins og annað og líkt með öðru. Ein þeirra kenninga er hluthyggja en samkvæmt henni mynda hugtök og efnislegir hlutir sjálfstæðan veruleika og til er sannleikur sem ekki er háður mannshuganum (Snara.is, e.d.). Önnur kenning sem tekst á við samsemdarhugtakið er nafnhyggja. Nafnhyggjumenn eru þeirrar skoðunar að ekkert sé eins nema sjálft sér (Rodriguez-Pereyra, 2008). Sjálfsagt er að fallast á það sjónarmið og líta svo á að lágmarks munur á einu og öðru sé þá sá að þeir séu ekki það sama í tíma og rúmi. Eins nagli en ekki sami naglinn og ég missti í gólfíð. Sömuleiðis reyndar „eins“ nagli út frá þeim breytum sem við kjósum eða eigum kost á að taka til samanburðar. Þetta val á breytum til samanburðar gefur færi á að flokka hluti, atburði eða hvaða tilfallandi veruleika sem vera skal. Hvaða breytur við síðan tökum til greina í dómi okkar um samsemd er atvikum háð. Ætli megi ekki segja að við teljum eitthvað vera eins eða það sama og annað þegar eitt getur komið í stað hins án þess að breyturarnar sem við metum samsemd þeirra með breytist, þær sömu sé að finna í báðum. Sómalí köttur og norskur skógarköttur eru báðir kettir vegna þess að breyturarnar sem við berum þá saman um sem „ketti“ eru þær sömu í báðum. Ef við tökum mið af öðrum

breytum kemur í ljós að þær eru ekki eins í báðum og því verður annar Sómalí köttur en hinn norskur skógarköttur, að því tilskildu að við höfum fundið þeim mismunandi breytum sem aðgreindi þá stað í öðrum köttum. Og svo framvegis, væri hægt að segja, uns við erum komin með Snoddas hennar Ingu gömlu á Brekkunni til aðgreiningar frá Mjásu þeirrar sömu Ingu á Brekkunni. Þarna er heilt flokkunarkerfi að verki með tilheyrandi orðasafni yfir flokkana. Það byggir á hugmyndinni um hið sama, að eitt geti verið eins og annað í tilteknum atriðum og því það sama og annað ef þau tilteknu atriði eru ein til samanburðar.

Við flokkun er leitað þessara atriða og viðkomandi veruleika gefið flokksheiti á grundvelli þeirra. Þegar hlut, atburði eða hverju sem vera skal hefur verið fundinn staður í flokki er það gert út frá þeim breytum sem flokkurinn skilgreinist af. Hann er eins og aðrir í floknum um þær breytur sem flokksheitið felur í sér (Silverman, 1983:87). Viðkomandi öðlast af þessu þá merkingu sem flokkurinn gefur honum, verður við það köttur meðal katta, nagli meðal nagla. „Öðlast“ er samt ekki rétta orðið í þessu samhengi vegna þess að kötturinn ber alla þessa merkingu með sér sjálfur og hefur reyndar undirgengist skerðingu sinnar eigin merkingar, það sem hann er sérstaklega, við það að nú er vísað til hans um þær fáu breytur eingöngu sem kettir hafa til að vera metnir „eins og“ aðrir kettir. Hann ber þær breytur með sér og margar fleiri sem koma ekki til álita í flokkuninni. Engin þeirra stríðir samt gegn þeim breytum sem flokkunin helgast af en þegar það gerist er sá góði köttur samstundis orðinn að hundi eða ref eða einhverju ótilgreindu og nýtur nú ekki lengur þess sem honum var ætlað í trausti þess að hann var köttur. Eða svo gæti maður haldið.

Þessari afturköllun merkingar þegar hlutur, atburður o.s.frv. fellur á inntökuprófinu í tiltekinn flokk er ekki algild. Hundur hættir að vísu að vera köttur um leið og hann byrjar að gelta en óvænt getur manneskja að vísu ekki orðið köttur við það að fara í flikk flakk eða skríða inn um glugga en hún getur þó orðið „kattliðug“. Hún getur notið merkingarlegrar yfirfærslu frá köttum með því að tilteknum breytum katta er fundinn staður hjá henni. Hún er „eins og“ köttur í einhverju eða einhverjum atriðum. Þessi afmarkaða samsemd, að eitthvað tiltekið í einhverju sé það sama og eitthvað tiltekið í öðru, gerir merkingarlega yfirfærslu mögulega (Ashworth, 2009). Þessi merkingarlega yfirfærsla er mjög ríkur þáttur í tungumálinu þar sem hún tekur á sig óvæntar myndir.

1.2 Myndhverfing

Gríska hugtakið metafór byggir á samsvörun og yfirfærslu og er nokkurs konar undirhugtak analogíu. Bókstafleg merking metafórs er að færa á milli eða yfirfæra (Burton, 2007) en hugtakið hefur fengið íslensku heitin myndhvörf, myndhverfing eða myndlíking. Myndhverfing er talsmáti þar sem að vísað er til einhvers veruleika og búin er til líking á milli þess veruleika og þess sem fjallað er um, þ.e. ið skiljum eina hugmynd vegna samlíkingar við aðra. Hefðbundin myndhverfing er innskot í mælt mál, vísunin nær yfir orð eða orðasamband en sú mynd heldur sér ekki í gegnum allan málsflutninginn (Lakoff og Johnson, 1980:5).

Annað skylt hugtak er hugtakið allegoría sem lýsir því þegar vísað er til einhvers veruleika en viðmælandinn sér sjálfur um yfirfærsluna, það er að segja sá sem mælir dregur ekki upp samlíkinguna. Gríska hugtakið allegoría er undirhugtak analogíu og bókstafleg þýðing þess er dulið, líkinga-, myndrænt eða táknrænt tungumál. Íslensk þýðing þess er líkingasaga eða táknsaga en úr slíkri sögu má lesa meira en það sem sagt er berum orðum, persónur og atvik hafa aðra merkingu en þá bókstaflegu. Forsendur allegoríu eru þær sömu og myndhverfingar, það er að segja hún byggir einnig á yfirfærslu merkingar, en hún er umfangsmeiri en myndhverfing vegna þess að líkingin og merkingaryfirfærslan helst í gegnum heila setningu eða sögu (Burton, 2007). Hér munum við taka hugtakið myndhverfing til nánari skoðunar og því liggur allegoría fyrir utan rannsóknarsvið þessarar ritgerðar. Við munum notast við íslensku þýðinguna myndhverfing og þá skilgreiningu á hugtakinu sem hér hefur verið greint frá.

Hvað merkir orðið myndhverfing? Orðið er samsett úr orðunum mynd og hverfing sem dregið er af sagnorðinu að hverfa. Bókmenntafræðileg skýring á orðinu mynd er „sú beiting máls sem kallar fram í huga viðtakanda skýra mynd af því sem rætt er um“ (Íslensk orðabók, 1996). Í Íslenskri orðabók er ein merking sagnorðsins *að hverfa* að snúast. Af þessu má skilja merkingu myndhverfingar þannig að mynd sem tengd er einu hugtaki sé snúið yfir á annað.

Halldór Halldórsson (1954) segir um myndhverfingu að hún sé ein tegund málbragða og feli í sér merkingarfærslu sem gerð er af ásettu ráði. Orði eða orðasambandi er vísitandi valið nafn sem ekki er vanalega haft um það. Merkingarmiðið, það sem vísað er til, fær aðra merkingu, þ.e. merking færast af einu

fyrirbæri yfir á annan hlut, athafnir, ferli, eigindir og fleira, sem er að einhverju marki sambærilegt því fyrra.

1.3 Virkni og tenging við hlutveruleikann

Myndhverfingar verða til vegna þeirrar tilhneigingar mannsins til að lýsa nýjum og framamdi hlutum með því að líkja þeim við, eða vísa í það sem honum er kunnugt og hann hefur reynslu af (Baldur Ragnarsson, 1956:57-58). Tungumálið er ríkt af myndhverfingum og margar þeirra mynda eru orðnar það inngrónar í málið að við verðum þeirra ekki vör. Baldur Ragnarsson (1954:58) nefnir orðin nálarauga og borðfótur sem dæmi um orð sem enginn skynjar lengur sem líkingamál vegna þess að „langvarandi notkun þeirra hefur svipt þau ferskleika samlíkingarinnar og þeirri tilfinningalegu merkingu, sem hefur einkennt þau í fyrstu.“ Nýjar myndhverfingar koma mönnum hins vegar spánst fyrir sjónir og augljóst er að bókstafleg merking orðanna á ekki við heldur eru þau einhvers konar tákni. Viðmælandi þarf að setja sig í stellingar til að skilja hvað átt er við en til þess að hann geti áttað sig á myndhverfingunni þarf hún að byggja á einhverjum líkindum við það sem vísað er til. Þær myndhverfingar sem síðan festast í málinu enda með því að verða það hversdagslegar að málinu væri varla stætt án þeirra (Chandler, 2001).

Margar kenningar eru til um það hvernig tungumál verður til. Flestar eiga það þó sameiginlegt að gera ráð fyrir að tungumál hafi sprottið út frá skynjun, viðbrögðum mannsins við umhverfi sínu og því sem fyrir augu ber og þörf hans fyrir að eiga samskipti (Boeree, 2003). Ein afleiðing þessa er að tungumálið verður mjög sjónrænt. Þegar það fær huglæga merkingu, þegar lýsa á veruleika sem ekki er eins skynrænn, eins og hugmyndum, hugtökum eða tilfinningum, breytum við merkingarviði hlutlægra hugtaka og yfirfærum á þau huglægu. Það sem okkur er handbærast af orðum eru þau sem við höfum mjög skynræna reynslu af og þau reynum við að yfirfæra yfir á önnur hugtök, látum þau heita sama orði eða beitum samlíkingum, til þess að vekja hugmynd um þann veruleika sem verið er að orða. Dæmi um slíkt er nafnorðið vangaveltur sem notað er yfir þá huglægu athöfn að hugsa vísitandi ókerfisbundið um eitthvað og án þess að miða að niðurstöðu. Bókstafleg merking orðsins er að halla höfðinu til hliðanna á víxl, líkamleg, skynræn athöfn sem annað hvort er meintur fylgifiskur slíkrar hugsunar hjá mönnum eða er einfaldlega samlíking við háttalag dýra t.d. fugla þegar þeir eru að meta fjarlægð.

Myndhverfingar verða til á þennan hátt eða þannig að reynsla af efnisheiminum er notuð til að vekja skilning eða hafa áhrif á skilning viðmælanda á einhverju sem er óljóst. Við grípum til þess að samsama hluti sem eru eðlislega gerólíkir og notum mjög skynræna atburði til að gefa merkingu því og orða það sem er huglægara, flóknara og óhlutbundnara. Myndhverfingar eru flóknari en svo að hægt sé að tala um hreina yfirfærslu eins hugtaks yfir á annað, þ.e.a.s. merkingin flyst ekki bókstaflega heldur sú reynsla sem við höfum af hugtakinu. Lakoff og Johnson (1980:17) telja að myndhvörf verði ekki skilin án þekkingar á þeirri reynslu sem tengd er vísuninni og merkingarmiðinu. Myndhverfingar verða ekki aðskildar þessum reynslugrunni. Tökum sem dæmi íslenska orðtakið *að lítast ekki á blikuna* sem táknar að þykja ástandið ískyggilegt. Blika er háskýjabreiða sem boðar oft komu rigningar en þá fylgir henni gráblika sem er gráleit og víðfeðm skýjahula. Hún þykkar og lækkar á lofti og úr henni fer að rigna (Sigrún Karlsdóttir, 2007). Áður fyrr spáðu menn í veður út frá bliku. Skýjafar hefur vissa efnislega eiginleika en það er ekki umtalsvert vegna þess sem það er í sjálfu sér heldur vegna þess hvað það boðar. Blika boðar vont veður og orðtakið virkar því vegna þeirra stöðu sem blika hefur fengið í þjóðfélaginu. Blika er þannig staðgengill einhvers slæms, þ.e. hún táknar eitthvað slæmt. Þannig hefur skýjafarið öðlast merkingu, mjög huglæga, sem lýtur ekki að skýinu sjálfu heldur því að það hefur spásagnargildi. Það gerir yfirfærslu yfir á annan veruleika mögulega. Það eru því ekki efnislegir eiginleikar skýjafarsins sem eru yfirfærðir heldur sú merking sem því er tengd. Menningin hefur þannig búið í haginn fyrir myndhverfinguna. Það eru aðstæðurnar sem við búum við, menningin, umhverfið og samfélagið, sem mynda tengsl hugsunar, veruleika og orða.

Myndhverfingar eru breytilegar eftir samfélögum, tíma og stað, en Lakoff og Johnson (1980:19) halda því fram að þær séu þrátt fyrir það ekki tilviljunarkenndar eða háðar geðþótta. Að þeirra mati spretta myndhverfingar af reynslu okkar af efnisheiminum sem og félagslegum og menningarlegum upplifunum. Daniel Chandler (2001) vitnar í Giambattista Vico sem segir að orð okkar yfir hugtök tengd lífvana hlutum séu flest komin frá líkama okkar og skynfærum. Vico nefnir sem dæmi nálarauga, tennur á sög og háls í landslagi. Tökum orðið *tá* sem dæmi. Orðið *tá* hefur margs konar merkingu, sú sem okkur er kunnugust er *tá* á fæti en orðið er einnig notað yfir langt og mjótt nes í landslagi. Maðurinn notar tungumál sem táknkerfi til að lýsa verkuleika sínum. Þá má gera ráð fyrir því að hann lýsi fyrst því sem honum er nærtækast, líkt og eigin skrokki, og fikri sig síðan áfram til að lýsa því

sem fyrir augu ber. Ef svo er hefur orðið tá upphaflega átt við tá á fæti og síðar hefur þessu landslagseinkenni einnig verið gefið þetta heiti. Langt og mjótt nes minnir vissulega á tá en gæti það ekki allt eins verið fingur? Það hefur fengið þetta heiti vegna líkinda við líkamspartinn en sú líkindi hafa samt sem áður verið kölluð fram og tekin fram yfir líkindi landslagsins við önnur fyrirbæri.

Annað dæmi um myndhörf er heitur haddur sólarinnar í ljóðinu *Ó blessuð vertu sumarsól* eftir Pál Ólafsson. Þar eru heitum geislum sólar líkt við hár sem fellur um hvíta jökulkinn. Hárið, að öllum líkindum það er vex á höfði kvenna, sítt og ljóst, og fellur um andlitið, hefur fengið nýja merkingu og táknar nú sólargeislana. Það hlutverk myndmáls að útskýra eina hlið hugtaks með vísun í annað hugtak leiðir til þess að aðrar hliðar þess eru ekki dregnar fram og falla í skuggann. Við drögum fram þær hliðar fyrirbærisins sem þjóna okkar málflutningi en látum aðra ásýnd þess ónefnda (Lakoff og Johnson, 1980:10). Af hverju er hári og sólargeislum líkt saman? Eiga þessi tvö fyrirbæri eitthvað sameiginlegt? Hár getur í rauninni verið hvernig sem er, svart, rautt, ljóst, brúnt, skollitað, hrokkið, liðað, slétt, krullað, sítt, stutt, krúnurakað. Það hár sem hefur mest líkindi með sólargeislum er sítt, ljóst og slétt. Hárið í þessu tilfelli er þannig látið standa fyrir ljóst hár en ekki er vísað til dökkra og hrokkinna eiginleika hárs. Raunin er þó sú að þessi fyrirbæri eiga ekkert sameiginlegt nema í hugum okkar. Í viðleitni okkar til að líkja sólargeislum við eitthvað jarðneskt sem við þekkjum höfum við eignað sólargeislunum þá eiginleika að vera eins og ljós strík eða spottar, samanber teikningar barna af sólargeislum, og ljósu hári þá eiginleika að vera skínandi bjartir eins og geislar sólar. Þannig á fyrirbærið hár ekkert augljóslega sameiginlegt með sólargeislum heldur gefum við því þá merkingu og þannig verður myndhverfingin til.

1.4 Myndhverf orðtök

Stök orð eru myndhverf en einnig heil orðasambönd. Sum orðasambönd, það er orð sem standa saman í setningu, koma oftast saman fyrir í málinu en önnur og hafa öðlast þar sess sem sérstakur talsháttur. Þetta eru fastar samsetningar orða sem helgast af öðru en málfræðilegri nauðsyn. Slík fyrirbæri nefnum við í daglegu tali orðtök. Myndhverf orðtök er það kallað þegar föst orðasambönd fá yfirfærða merkingu, líkt og er með myndhverf orð (Halldór Halldórsson, 1954:12-14). Í doktorsritgerð sinni, *Íslensk orðtök*, notar Halldór Halldórsson (1954) hugtakið

orðtak yfir orðasambönd í breyttri eða myndhverfri merkingu. Þegar hugtakið orðtak kemur fyrir í þessari ritgerð er vísað til skilgreiningar Halldórs á því.

Orðtak lýsir atburði sem notendur tungumálsins þekkja og kallar þannig fram mynd í hugann af vissri athöfn. Út frá samhengi má ráða að orðasambandið eigi ekki að skilja bókstaflega heldur vísar þýðing þess til annars atburðar, gjarnan á allt öðru sviði. Þannig er ekki vísað til merkingar orðsins eða orðasambandsins, þess fyrirbæris sem það stendur fyrir, heldur hefur það vissa þýðingu fyrir málnotendum og því er allt samhengið tekið og yfirfært. Þegar við segjum að maðurinn hafi *látid dæluna ganga* eigum við þannig ekki við að hann hafi stöðugt verið að dæla heldur að hann hafi talað viðstöðulaust. Líkingin er úr sjómannamáli og líklega er vísað til dælu í trillu sem er látin ganga sjálfkrafa og að óþörfu. Samlíkingin er niðrandi þar sem dælan er látin ganga að óþörfu og hún vísar því til þess að manneskjan tali að óþörfu. Það er ekki aðeins það að munnum sé líkt við dælu heldur er öll sú merking sem lögð er í atburðinn yfirfærð yfir á umræddan veruleika.

1.5 Gagnrýni á myndhverfingar

Myndhverfingar hafa orðið hugmyndafræðilegt og jafnvel pólitískt deilu- og ádeiluefni. Á 18. öld, þegar hugmyndafræðileg hluthyggja var ríkjandi, gerðu menn tilraun til að sneiða hjá táknrænu máli. Þeir álitu tungumál og veruleika, hugsun og mál, aðskilin fyrirbæri og ömuðust við notkun hverskonar táknræns máls (Chandler, 2001). Heims- og stjórnspekingarnir Thomas Hobbes og John Locke lýstu báðir yfir andúð sinni á táknrænu máli. Hobbes (1996:19) var einn þeirra sem vísaði á bug notkun myndhverfinga og táknræns máls og hvatti menn heldur til að nota tilhlýðileg orð og segja meiningu sína berum orðum. Brögð myndhverfinga taldi hann skrumskæla veruleikann. Locke (2004:189) var sama sinnis og hann var þeirrar skoðunar að tungumálið væri misnotað með táknrænu máli, að það kæmi inn ranghugmyndum hjá mönnum, hreyfði við tilfinningum og leiddi dómgreindina á villigötur.

George Orwell, sem uppi var á 20. öldinni, var skoðanabróðir þeirra Hobbes og Locke. Í ritgerð sinni *Stjórnsmál og ensk tunga* (2009) gagnrýnir hann málfar stjórnsmálamanna, sem og almennings, og víkur þar sérstaklega að myndhverfingum. Hann heldur því fram að með því að nota útjaskaðar myndhverfingar spari menn sér mikið andlegt erfiði, orðin velji þeir ekki vegna merkingar þeirra heldur stjórnast

valið af fyrirfram smíðuðum orðasamböndum en slíkt mál veldur því að merkingin verður óljós. Ofnotaðar myndhverfingar telur hann hafa glatað öllum mætti sínum til að kalla fram mynd í huga fólks, menn noti þær án þess að þekkja uppruna þeirra, blandi jafnvel saman myndhverfingum og hafi því greinilega ekki áhuga á því sem þeir segja (214-215). Orwell segir jafnframt að stjórnámamenn flæki orðbragð sitt vísvitandi til að dylja merkingu þess sem sagt er (227-228).

Sköpunargáfan fær vissulega útrás í myndhverfingum, þær gera málið blæbrigðaríkara og eru hin besta skemmtun en líkt og Hobbes, Locke og Orwell bentu réttilega á þá brenglar slík málnotkun dómgreindina. Merking er færð af einu fyrirbæri yfir á annað í stað þess að segja nákvæmlega það sem átt er við. Algengt er að myndhverfingar séu notaðar í niðrandi merkingu til að lýsa eiginleikum eða hegðun manna. Sem dæmi má nefna dýraheiti eins og tík, belja og svín. Þarna eru tilfinningar sem eru bundnar einum veruleika dregnar yfir á annan og óþarfi er að útskýra nánar hvað meint er. Mun snyrtilegra væri að segja það hreint úr hvað manni mislíkar í fari viðkomandi í stað þess að nota myndhverf dýraheiti og viðkomandi væri þá einhverju nær um hvað hann hafi unnið sér til sakar.

Myndhverft orðalag er afar algengt í málflutningi stjórnámamanna en málfar þeirra einkennist af vissum virðuleika og stofnanabrag. Sá stíll er ekki alslæmur, hann er hátíðlegur og hljómar vel en býður að sama skapi upp á hæfilega ónákvæmni í máli. Í umræðu um erfið og óþægileg málefni geta stjórnámamenn því brugðið fyrir sig slíku orðalagi í stað þess að segja ósatt en hátt flækjustig þess eykur líkur þess að almenningur skilji ekki að fullu það sem sagt er. Orðtakið *að fljóta sofandi að feigðarósi* hefur verið vinsælt í stjórnálaumræðunni síðastliðin ár og ríkisstjórnir og fleiri aðilar hafa verið sakaðir um að fljóta sofandi að þessum ósi. Úr þessum orðum einum er auðvitað ekki hægt að lesa hvað verðskuldar samlíkinguna, hvaða skeytingarleysi það er sem svo má lýsa. Myndhverfingin er því alls ekki upplýsandi og því óréttmætari sem tilefnið er minna. Hobbes, Locke og Orwell myndu sammælast um að því aðeins væri slík myndhverfing réttlætanleg að fyllilega væri upplýst hverju er verið að líkja við þetta einkennilega ferðalag og um leið og því skilyrði væri fullnægt væri myndlíkingin reyndar óþörf og þar með óréttmæt.

1.6 Gagnvirkt samband tungumáls og veruleika

Orðfæri okkar er gildishlaðið, í því felast hugmyndir okkar um heiminn og við erum mótuð af því orðfæri. Andstætt því sem mætti ætla er tungumálið ekki hlutlaus miðill heldur á málið og hin ýmsu málbrögð þátt í því að skapa veruleikann eða öllu heldur okkar skynjun á honum (Chandler, 2001).

Lakoff og Johnson (1980:8) eru þeirrar skoðunar að myndhverfingar tungumálsins komi ómeðvitað til skila til málnotenda ríkjandi hefðum og gildum enda séu þær í samræmi við helstu gildi samfélagsins eða málsvæðisins. Myndhverfingar eru notaðar í listrænum tilgangi en þær eru jafnframt rótgrónar í tungumálið og við notum þær óspart án þess að verða þess vör. Þessar gagnsæju myndhverfingar koma gildum málsvæðisins og ríkjandi hugsunarhætti ómeðvitað til skila til málnotenda. Þær eiga þannig þátt í að móta skilning okkar og þá merkingu sem við leggjum í veruleikann. Samkvæmt þessu er gagnvirkt samband á milli tungumáls og meints veruleika, veruleikinn stjórnar ekki aðeins tungumálinu heldur mótar tungumálið skynjun okkar á veruleikanum. Þetta gengur gegn hefðbundinni sýn á myndhverfingar sem fyrirbæri tungumálsins sem getur í það mesta verið lýsing á raunveruleikanum. Slík sýn byggist á því að rannsókn á raunveruleikanum sé aðeins rannsókn á hinum efnislega veruleika, að hægt sé að lýsa því sem fyrir augum ber á hlutlausan hátt með þar til gerðum orðaforða, og sé gjörsamlega óháð því hvernig við skynjum heiminn.

Lakoff og Johnson (1980:146) eru ósammála þessari hlutlausu sýn sem tekur ekki tillit til þess þáttar sem maðurinn á í veruleikanum sem vel að merkja er breytilegur á milli menningarheima. Menningin, allt það sem mannlegt samfélag hefur skapað, á sér stað í einhverju efnislegu umhverfi og hugtakakerfi menningarinnar þróast í samspili við þetta umhverfi. Menningin skilgreinir jafnframt þann félagslega veruleika sem þegnarnir búa við. Raunveruleikinn er þannig orðinn flóknari en það sem felst í hinum efnislega veruleika, hann er samspil menningar, umhverfis, félagslegs og efnislegs veruleika.

Samkvæmt Lakoff og Johnson eru myndhverfingar inngrónar í hugtakakerfi okkar og móta þannig sýn okkar á veruleikann, við tileinkum okkur myndhverfingarnar og skynjum veruleikann í ljósi þeirra. Sem dæmi mætti taka stríðssamlíkingar. Þær eru sprotnar af hugmyndum manna um veruleikann sem eru hlaðnar gildismati. Í stríði eru notuð orð eins átök, vörn og sókn. Stríð eru afar gildishlaðin athöfn og því tengjast flestar tilfinningar mannsins. Þær tilfinningar og

kenndir sem við höfum um þann veruleika og hugmyndir okkar um það hvernig hlutirnir eru þar, hafa verið færðar á milli sviða og eru notaðar í ýmsum kappleikjum, eins og skák, og eru orðnar órjúfanlegur hluti kappræðna. Í kappræðum reynum við að verjast rökum andstæðingsins, beitum þaulhugsaðri leikáætlun og við berum sigur úr bítum eða töpum (Lakoff og Johnson, 1980:4). Við getum einnig skotið föstum skotum á andstæðinginn í þeim skilningi að við komum fram með ásakanir á viðmælandann sem hann á erfitt með að bera af sér. Sú mynd gæti verið komin úr þorskastríðunum þar sem í frétt aflutningi af átökunum var sagt frá því að skotið væri fyrst púðurskotum að landhelgisbrjótunum en þá föstum skotum ef þeir létu ekki segjast, það er að segja skotum með kúlu og jafnvel sprengikúlu.

Orð úr blóðugum veruleika hafa þarna verið yfirfærð yfir á annan þar sem skipst er á skoðunum og gagnstæðir málstaðir eru bornir saman en þegar þessi orð eru yfirfærð úr alls óskyldum veruleika á annað samhengi þá fá kappræður yfirbragð stríðs. Við höldum að við eigum í stríði en í stað þess að berjast með vopnum berjumst við með orðum. Myndhvefingin er greipt það djúpt í vitund okkar að hún stýrir því hugarfari sem við förum með í kappræðurnar. Orðin eru ekki aðeins orðin tóm heldur hefur orðræðan áhrif á þann skilning sem við leggjum í veruleikann.

2. Myndhverfingar í íslensku samhengi

2.1 Myndun orðaforða

Orð eru táknl hluta og hugtaka og myndast vegna þess að þeirra er þörf. Orðaforði manna mótast af umhverfi og menningu, upplifunum mannsins og öðrum hugðarefnum hans og hann helst í hendur við þær breytingar sem verða á mannlegu samfélagi og umhverfi á hverjum tíma (Jakob Benediktsson, 1964:88). Orðaforði skiptist í virkan og óvirkan orðaforða. Með virkum orðaforða er átt við þau orð sem einstaklingur notar en óvirkur orðaforði eru þau orð sem einstaklingurinn veit hvað merkja, þekkir og skilur en notar lítið sem ekkert. Óvirki orðaforðinn er gjarnan samansafn orða sem erfst hafa frá eldra málstigi og hafa varðveist í munnmælum eða á riti og málnotendur nýta sér hann gjarnan þegar vanda á málfarið og koma vel fyrir (Jakob Benediktsson, 1964:89).

Nýr orðaforði verður til hjá hverri kynslóð en jafnframt færast eldri orðaforði frá einni kynslóð til þeirrar næstu. Orðaforðinn er því hverju sinni heimild um formálið (Ásgeir Blöndal Magnússon, 1964:167). Vegna þess að orðaforði myndast í tengslum við umhverfi, menningu og lifnaðarhætti er hann góð heimild um þann tíma þegar orðaforðinn hefur myndast, sér í lagi ef samfélagið hefur tekið breytingum síðan þá.

Orðtök eru til í öllum málum. Menn grípa til þeirra þegar við á, af kurteisni, þegar þeir vilja auðga mál sitt eða víkja frá því sem venjulega er sagt (Sölvi Sveinsson, 1993:17). Notkun orðtaka í íslensku er mjög algeng, í daglegu tali sem og í bókmenntatextum og þau eru áberandi í Íslendingasögum, þjóðsögum og sagnfræðiritum. (Jón G. Friðjónsson, 1996:53). Mörg tilheyra þau óvirkum orðaforða manna. Orðtökin hafa mótast í aldanna rás og fjölmörg hafa varðveist óbreytt frá fornri tíð til nútímans. Í þeim speglast menning fornra tíma vegna þess að líkingar myndhverfinganna eru þangað sóttar. Menn hafa tilhneigingu til að lýsa nýjum og framandi hlutum með því að líkja þeim við það sem þeim er kunnugt og þeir hafa reynslu af (Baldur Ragnarsson, 1956:83). Samhliða varðveislu verður þó alltaf einhver nýmyndun sem ræðst af samfélagi hvers tíma.

Föst orðasambönd líkt og orðtök verða til sem orðalag til að þjóna hugsun okkar. Eitt fyrirbæri skýrist í ljósi annars. En hvað heldur lífinu í orðtökum? Hvað veldur því að sum eru notuð í aldaðir en önnur ná ekki að skjóta rótum í málinu? Það hlýst ekki eingöngu af því að samlíkingin í þeim sé svo vel til fundin eða

lýsandi. Það á sér einnig stuðning í fegurðarkennd okkar, orðalag orðtaka er þjál, þau hafa hrynjandi, takt og oftast en ekki stuðlun. Þar að auki stafar það af því að í tungumálinu er viss tregða, þegar orð hefur einu sinni verið haft yfir eitthvað heldur það þeirri stöðu sinni þangað til að eitthvað beinlínis mælir gegn því. Það væri annars í raun ógerningur að læra tungumálið ef orðin breyttu í sífellu um merkingu.

Orðtök og önnur orðasambönd auðvelda okkur að læra málið. Þau gera okkur kleift að læra tungumálið í meiri heildum sem við síðan getum notað eins og þau koma fyrir. Ef þannig er á málið lítið má líkja orðtökum í tungumáli við einingaplötur í byggingaiðnaði. Við lærum fyrirframgerð orðasambönd og getum byggt setningar okkar úr þeim í stað eintómra stakra orða líkt og einingahús eru sett saman úr tilbúnum einingum í stað þess að byggja húsið spýtu fyrir spýtu eða múrstein fyrir múrstein. Slík notkun tungumálsins hefur það einnig í för með sér að við getum notað orð sem við ekki vitum hvað merkja vegna þess að þau standa föstum fótum með sömu orðin sér við hlið. Ef við hins vegar þekkjum ekki merkingu orðanna eða uppruna skilar merkingaryfirfærsla orðtaksins sér ekki og því er ólíklegt að orðtakið sé upplýsandi. Slík orðtök geta samt haldist í málinu, ef til vill vegna þess að þau hljóma vel og eru taktföst og þegar þau hafa einu sinni náð fótfestu í málinu, upplýsingar sinnar vegna, tregðast tungumálið við að skipta um orðfæri.

2.2 Um geymd orðaforðans

Orð og orðasambönd geta tapast úr málinu en þeir þættir sem ýta undir brottfall orða og nýmyndun eru breytingar á lifnaðarháttum þjóða og erlend áhrif (Ásgeir Blöndal Magnússon, 1964:170). Stórtækar breytingar þurfa þó ekki að eiga sér stað til að málið taki breytingum. Ekkert þjóðfélag er svo kyrrstætt eða þjóðlífið svo viðburðalítið að ekki verði einhverjar breytingar í málinu. Orðaforði varðveitist aldrei að fullu á milli kynslóða en þau orð sem helst glatast eru þau orð sem sjaldnast eru notuð. Það getur verið vegna þess að orðið sjálft eða það sem orðið vísar til, sé orðið óalgengt eða lítt umtalað (Ásgeir Blöndal Magnússon, 1964:170-171).

Í þjóðfélagi þar sem atvinnuhættir haldast í svipuðu horfi í langan tíma og þar sem málið er samstætt og lítið sem ekkert klofið í mállyskur, geymist orðaforði betur og helst lítið breyttur, sér í lagi hinn munnlegi orðaforði. Lesefni á einnig sinn þátt í varðveislu orðaforðans (Ásgeir Blöndal Magnússon, 1964:172). Að vissu leyti á þessi lýsing við um íslenskt samfélag frá upphafi byggðar og fram undir aldamótin

átjánhundrað. Það voru aldir bændasamfélagsins þar sem grundvöllur samfélagsins var sjálfsþurftarþúskapur og vertíðarútgerð. Sá orðaforði sem spratt úr þessu samfélagi hélst tiltögulega stöðugur allar þær aldir þar sem lifnaðarhættir héldust lítt breyttir og hefur hann orðið rótgróinn í málinu. Hann er að miklu leyti við lýði enn þann dag í dag og gefur okkur því góða heimild um samfélag og lifnaðarhætti fyrri tíma (Árni Daníel Júlíusson, 1989:14.) Ásgeir Blöndal Magnússon bendir einmitt á þetta í grein sinni *Um geymd íslenskra orða* (1964:176) og segir orð vera „meira en tákni ein og tilvísanir til hluta eða fyrirbæra. Þau eru jafnframt brot úr sögu kynslóðanna, mörkuð reynslu þeirra, skynjun og tilfinningum.“ Það má því segja að vegna tregðu sinnar til breytinga sé orðaforðinn afbragðs sagnfræðiheimild.

Mörg orðtök sem notuð eru enn í dag eru upprunnin í þeim atvinnu- og lifnaðarháttum sem tíðkuðust á Íslandi frá landnámi og fram undir síðustu aldamót. Það sem í dag eru myndhverf orðtök voru áður talshættir sem höfðu bókstaflega merkingu og notaðir voru um ýmsa iðju: *Menn höguðu segli eftir vindi og þeir teygðu lopann og hermenn slógu skjaldborg um foringja sinn*. Nú eru þetta orðtök, fastir talshættir sem menn bregða fyrir sig þegar við á en þeir eru nú notaðir í óeiginlegri eða yfirfærðri merkingu. Þegar skip og bátar voru knúin áfram af vindafli höguðu menn seglum eftir vindátt til þess að komast leiðar sinnar. Sá sem hagar seglum eftir vindi í dag getur annars vegar verið tækifærissinni eða hagað sér eftir aðstæðum (Sölvi Sveinsson, 1993:42). Ullin var unnin heima á hverjum bæ og úr henni var meðal annars unninn lopi. Um leið og konurnar spunnu var lopinn teygður til þess að búa til band en gæta þurfti þess að teygja hann ekki um of þannig að hann slitnaði (Sölvi Sveinsson, 1993:98). Nú er þetta haft um þá sem eru of langorðir og hætta á það að söguþráður frásagnar þeirra „slitni“. Á meðan Íslendingar stunduðu enn hermennsku röðuðu þeir sér í kringum foringja sinn og héldu skjöldum sínum á lofti til að verja hann. Þannig slógu þeir skjaldborg um hann en í dag þegar ríkisstjórnin segist ætla að slá skjaldborg um heimili landsins hyggist hún taka höndum saman til varnar þeim (Sölvi Sveinsson, 1993:130).

Þessi orðtök má enn heyra á vörum fólks og margir leggja sig eftir að nota þau þótt þau eigi uppruna sinn í mannlífi sem síðan hefur gjörbreyst.

2.3 Tungumál undir áhrifum

Þrátt fyrir að svo virðist sem íslenskt samfélag og tungumál hafi verið stöðugt og kyrrstætt þær aldir sem hér hafa verið nefndar aldir bændasamfélagsins hefur áhrifa gætt úr ýmsum áttum. Grunnorðaforði tungunnar hefur vissulega haldist lítt breyttur en vegna ýmissa þjóðfélagsbreytinga og utanaðkomandi áhrifa tók íslenskan þó nokkrum breytingum yfir þessar aldir (Jón G. Friðjónsson, 1996:54).

Norrænir menn komu hingað til lands á landnámsöld, orðaforðinn var því næstum allur norrænn á meðan lítið bar á tökuorðum. Landnámsmenn þurftu þó að breyta orðaforðanum vegna breyttra aðstæðna og umhverfis, óþörf orð dattu út og ný orð litu dagsins ljós (Guðrún Kvaran, 1996:35-36).

Kristnitökunni árið 1000 fylgdu mikil erlend máláhrif. Íslendingar þurftu að mynda orð úr hinu alþjóðlega kirkjumáli og orðaforði málsins jókst talsvert. Einnig er dæmi um tökuorð frá þessum tíma úr grísku, latínu eða germönskum málum. Orð sem fyrir voru í íslenska málinu öðluðust nýja merkingu og ný orð voru leidd af gömlum til þess að tákna kirkjuleg hugtök og fyrirbæri. Farið var að nota mannanöfn úr Biblíunni og forskeytinu krist- var skeytt framan við ýmis nöfn (Guðrún Kvaran, 1996:37-38).

Utanferðir Íslendinga til forna höfðu einnig sín áhrif á málið og með þeim fylgdu ýmsir menningarstraumar. Menn fluttu margskonar varning með sér heim og með honum komu ný orð sem festust í málinu. Í kjölfar þess að Íslendingar fóru að semja og þýða riddarasögur urðu til ný orð sem fylgdu sögunum. Málið varð fyrir lágþýskum áhrifum vegna samskipta og verslun norðurþýskra manna við norrænar þjóðir. Með siðaskiptunum var farið að þýða dönsk og þýsk trúarrit yfir á íslensku (Guðrún Kvaran, 1996:38-40).

Þrátt fyrir að engin lognmolla hafi ríkt í íslensku samfélagi frá landnámi hafa róttækustu breytingarnar átt sér stað á síðastliðnum tveimur öldum. Þéttbýlismyndum átti sér stað, fólk flutti úr sveit í bæ eða borg, fiskveiðar urðu aðalatvinnuvegur þjóðarinnar (Guðmundur Hálfánarson, 1992:12), íslenska þjóðin fékk sjálfstæði frá Dönum og tækni- og vísindabylting reið yfir heiminn á 20. öldinni. Mikilla máláhrifa hefur gætt frá dönsku og síðar ensku og er Ísland orðið hluti af einu stóru alþjóðasamfélagi (Guðmundur Jónsson, 1994:12). Íslenskt samfélag hefur í raun á einu árþúsundi breyst frá víkingasamfélagi yfir í bændasamfélag og frá fiskveiðisamfélagi yfir í samfélag nútíma tæknivæðingar.

Að sama skapi er hægt að merkja þær breytingar sem orðið hafa á þjóðfélaginu í notkun og myndun orðtaka. Frá víkinga- og Sturlungaöld komu orðtök sem tengdust her og vopnabúnaði, til að mynda *að leika tveim skjöldum* og *að gefa einhverjum höggstað á sér*. Frá bændasamfélaginu eru orðtökin *halda einhverju til haga* og *að fara fyrir ofan garð og neðan* komin og tengja má orðtökin *að vera á annarri bylgjulengd* og *að hlaða batteríin* við samfélag nútíma tæknivæðingar (Jón G. Friðjónsson, 1996:55). Menning sérhvers tíma hefur getið af sér nýjan orðaforða og orðtök til að gera grein fyrir þeim veruleika sem þjóðin býr við hverju sinni og margt af því hefur borist áfram til komandi kynslóða.

2.4 Málrækt Íslendinga

Íslenska er móðurmál flestra íslenskra ríkisborgara, hún er hluti af ímynd Íslendinga og hingað til hefur verið mikill áhugi meðal þjóðarinnar að varðveita hana og efla sem þjóðtungu. Margir telja og færa fyrir því rök að sameiginlegt tungumál sé forsenda fyrir samheldni þjóðarinnar (Ari Páll Kristinsson, 1996:117; 2001). Á tímum sjálfstæðisbaráttunnar varð tungan þetta sameiningartákn, hún var álitin það sem gerði Íslendinga að þjóð og hnignun hennar var jafnað við hnignun þjóðar (Kjartan G. Ottóson, 1990:76). Þetta viðhorf hefur verið lífseigt og mótar enn tilfinningar okkar og afstöðu til tungumálsins og því leggur þjóðin mikið upp úr ræktarsemi við málið, málrækt. Málræktarhugtakið er tvíþent og felur í sér annars vegar viðhald tungunnar og hins vegar eflingu. Baldur Jónsson prófessor (2002:414) notar hugtakið í víðri merkingu sem yfirhugtak yfir málhreinsun, málvernd og málvöndun og það er sú skilgreining sem hér verður stuðst við.

Þar sem málnotendur eru fáir er málið viðkvæmt fyrir erlendum áhrifum sem gætt hefur hér á landi, meðal annarra dönsku og ensku. Hugmyndir um málhreinsun má rekja til Arngríms Jónssonar undir lok 16. aldar en hann hefur verið faðir íslenskrar málhreinsunar. Hann hvatti Íslendinga til að varðveita hreinleika tungunnar og benti þeim á að taka málið á handritunum til fyrirmyndar, hafa lítil samskipti við útlendinga og síðast en ekki síst að hætta að herma eftir Dönnum eða Þjóðverjum (Guðrún Kvaran, 1996:41). Arngrímur var undir áhrifum fornmenntastefnu líkt og aðrir menntaðir samtímamenn hans í Evrópu en sú stefna fólst í því að endurvekja menningararf Forn-Grikkja og Rómverja, meðal annars með því að læra tungu þeirra. Arngrímur og fleiri skoðanabræður hans á Íslandi yfirfærðu

Þetta á íslenskan menningararf sem að þeirra sögn var falinn í fornritunum. Íslenska tungan væri þjóðardýrgripur og þeir hvöttu landa sína til að halda málinu sem hreinustu (Gunnar Karlsson, 2005). Þessi fyrsti vísir að málrækt spratt af stolti af málinu og þörfinni fyrir að geta lesið fornritin. Það var íslenska þjóðin sem varðveitt hafði fornt mál og menningu Norðurlandanna. Mál þjóðveldisaldarinnar var þarna orðið fyrirmyndarmál Íslendinga og það reynist lífseigt viðhorf í þjóðarvitundinni.

Ritstjórnarstefna Hins íslenska lærdómslistafélags, sem stofnað var í Kaupmannahöfn árið 1779, kvað á um að skyldur félagsins væru að varðveita norræna tungu eins og hún hafði haldist lítið breytt í íslenskunni og að keppast við að hreinsa hana af útlenskun orðum og orðtökum (Baldur Jónsson, 2006:23). Ritsmíðar um íslenskt mál fóru ekki að birtast í blöðum fyrr en á 19. öld og var Konráð Gíslason frumkvöðull þeirra skrifa. Í stefnuskrá *Fjölnis*, sem birtist í fyrsta blaði tímaritsins árið 1835, segir í kafla um málið, sem er að öllum líkindum eftir Konráð, að þjóðarheiður okkar Íslendinga sé falinn í bókmenntunum og fornsögunum en helst þó því að við tölum einhverja elstu tungu á norðurslóðum. Í þeirri grein koma fram megináherslur málræktar, sem eru þær sömu og í dag; að geyma og ávaxta, varðveita og efla málið (Baldur Jónsson, 2006:14).

Verkefni 19. aldar manna var ekki aðeins að varðveita og efla tunguna heldur þurftu þeir einnig að berjast fyrir tilverurétti hennar. Íslendingar voru ófrjáls þjóð og voru ekki nema rúmlega fimmtíu þúsund talsins á þeim tíma. Eitt fyrsta verkefni þeirra sem börðust fyrir þjóðfrelsi Íslendinga var að fá íslensku viðurkennda sem opinbert mál og það hafðist að lokum þegar stjórnarskráin var tekin í gildi árið 1874 (Baldur Jónsson, 2006:26).

Þegar pólitísk þjóðernishyggja skaut rótum í Evrópu í upphafi 19. aldar kom fram sú krafa að mörk þjóða og ríkja ættu að falla saman. Tungumálið var það sem sameinaði þjóðir og sú staðreynd að íslenskan er fornt menningarmál reyndist Íslendingum mikill hvati til að stofna sjálfstætt ríki og á því var sjálfstæðisbaráttan reist (Gunnar Karlsson, 2005).

Málpólitíkin á 19. öld snerist ekki eingöngu um sjálfstæðisbaráttuna heldur um það að hreinsa íslenskuna af dönskum áhrifum, að sjá til þess að embættismenn létu sig það varða að tala íslensku og síðast en ekki síst var það og er hagsmunamál fyrir alþýðu manna að öll þjóðin tali sömu tungu þannig að menn geti ekki vegna menntunar sinnar eða stöðu mælt á tungu sem þorri almennings skilur ekki. Það ber ekki svo að skilja að málræktarstefnan feli í sér að málið eigi að haldast óbreytt og

menn hafa alls ekki allir talað fyrir því. Benedikt á Auðnum skrifaði grein um tunguna sem birtist í *Skírni* í upphafi 20. aldar þar sem hann segir að tungan geti:

...ekki verið eilíf eða óbreytileg. Hún er ein af augnabliksmyndunum, eins og sjálfir vér, þjóð vor og land vort. Það kennir oss að annaðhvort liggur fyrir tungunni að hverfa snarlega af myndaspjaldi tilverunnar eða hún verður að hlýða þessu völduga lögmáli, að vaxa og gróa, en það hefir aftur í för með sér breytingu, endurnýjun og afmáun. Kyrrstæði tungu er sama sem dauði hennar, dauði þess hæfileika að tákna lifandi og vaxandi sálarlíf, hugsjónir og verknað, dauði þess hæfileika að þjóna nýjum athöfnum nýrra kynslóða (Benedikt Jónsson, 2006:199-200).

Benedikt hefur gert sér fulla grein fyrir þörf nýmyndunar í málinu sem á sér stað samhliða þróun í mannlegu samfélagi og mikilvægi þess fyrir lífslíkur málsins.

Nýjasta framtak Íslendinga til málrættar er hin opinbera málstefna sem samþykkt var þann 12. mars 2009 af Alþingi. Málstefnan, sem Íslensk málnefnd lagði til, rímar við þær áherslur sem uppi hafa verið hingað til í málrættarmálum en hún á að stuðla að því að styrkja stöðu íslenskunnar í samfélaginu og varðveita málið til að tengsl þess við mál fyrri alda haldist órofin. Hin hlið málstefnunnar er efling tungunnar en mikilvægt er að þjóðin sé meðvituð um þau áhrif sem málið verður fyrir, svo sem framandi menningu og erlend áhrif sem og ýmis konar breytingar og þróun tengd tækni við tækni og vísindi (Ari Páll Kristinsson, 1996:115). Segja má að stöðug sköpun verði að eiga sér stað til að málið haldi í við örar samfélagsbreytingar og geti enn sinnt hlutverki sínu sem eitt helsta verkfærið til andlegra samskipta.

En hvað þýða þessi tvö meginhugtök málrættar, varðveisla og efling tungunnar? Ari Páll Kristinsson (2001) skilgreinir varðveislu á þessa leið: „Með varðveislu er átt við að reyna að varðveita íslensku eins og hægt er í núverandi mynd.“ Efling tungunnar snýst um að stuðla að því að íslenskan nýtist Íslendingum sem best við þær aðstæður sem þeir búa við hverju sinni. Það felur meðal annars í sér að búa til ný orð og orðasambönd sem falla að hefðum málsins, að stuðla að því að íslenska sé notuð á öllum sviðum mannlegs lífs á Íslandi, að efla málvitund manna og styrkja trú manna á málinu (Ari Páll Kristinsson, 2001). Síðasta atriðið byggir á því að festa ákveðið viðhorf í sessi hjá þjóðinni gagnvart málinu, viðhorf um gildi íslenskunnar.

Þetta viðhorf til málsins er ekki nýtt af nálinni, tengsl Íslendinga við móðurmál sitt hafa löngum verið sterk og helgast þau líklega einna helst af varðveisluhlutverki tungunnar. Hún geymir sögu Íslendinga, sögu af hetjulegu líferni og hallæri, og er þannig áminning um það hvaðan þeir koma sem skýrir það hverjir þeir eru. Eins og Þorsteinn frá Hamri hefur sagt og Mörður Árnason (1991:3) vitnar í, þá varðveitir tungumálið minnið, „minningar mannsins og landsins, þar sem fólkið á fólgin stóran hluta af sjálfsmynd sinni, og að minnsta kosti einn mikilvægasta lykilinn að því að skilja sjálft sig.“ Í orðum sem þessum birtast hinar sterku tilfinningar Íslendinga til málsins og áskapað hlutverk þess sem þjóðarstolt þeirra. Málið geymir minningar þjóðarinnar, er vitnisburður um þá hollustu og tryggð sem þjóðin hefur sýnt því og hefur mótað sjálfsmynd hennar meir en nokkuð annað. Baráttan fyrir sjálfstæði byggðist á málinu, fornri frægð þess og sameiningarkrafti og það hugarfar ríkir enn á meðal Íslendinga.

Aðalhlutverk tungumáls og forsenda þess er þörf mannsins fyrir að tjá sig. Af þeirri þörf sprettur tungumálið og framtíð þess veltur á því að málið sé nothæft á öllum sviðum samfélagsins. Eins og komið hefur fram hafa áherslur íslenskrar málræktar frá upphafi verið tvenns konar; að varðveita málið og efla (Menntamálaráðuneytið, 2008). Eflingu málsins má skilja í ljósi þess grundvallarhlutverks málsins að það sé nothæfur tjáningarmiðill en til þess þarf stöðug nýmyndun að eiga sér stað í takt við samfélagsbreytingar. Tungumálið verður að þróast og breytast samhliða þróun samfélagsins. Varðveisluhlutverk málsins, það er hlutverk þess að geyma og miðla sögu liðinna alda og viðhalda því samhengi í íslenskum bókmenntum sem hefur verið frá upphafi ritaldar, er til komið vegna þess að það hafa mennirnir ætlað því. Íslendingar, þ.e. íslenskir málræktarmenn, hafa sett sér það markmið að halda tengslum við mál fyrri aldar og að á því máli skuli öll nýmyndun byggja (Menntamálaráðuneytið, 2008). Það er ekki eðlislægt hlutverk málsins heldur samfélagslegt markmið sem menn hafa sett sér í viðleitni þeirra til að hafa áhrif á þróun tungumálsins með því að varðveita það og bæta og glæða það sem varðveitt er.

Varðveisla málsins tekur til margra þátta og reynt er að spyrna gegn ýmsum breytingum sem gætu átt sér stað á málinu; breytingum á formgerð þess, hljóðkerfi, setningagerð, beygingafræði og fleiri þáttum en allt endurspeglast þetta í máltilfinningu manna. Ekki hafa orðið miklar málbreytingar á íslensku í aldanna rás, þær helstu voru á hljóðkerfinu en þær röskuðu málinu ekki mikið þar sem þær voru

afar kerfisbundnar. Litlar breytingar hafa orðið á setningagerð og beygingakerfi málsins þó setningagerðin hafi tekið smávægilegum breytingum, til að mynda með tilkomu nýju þolmyndarinnar undir lok síðustu aldar (Ari Páll Kristinsson, 2001). Vegna þessa stöðugleika hefur breyting á beygingakerfi málsins verið nefnd ein sú mesta ógn sem það gæti staðið frammi fyrir, þ.e. haft mestar breytingar á málinu í för með sér (Eiríkur Rögnvaldsson, 1985). Orðaforði hefur vissulega breyst í aldanna rás sem er afar eðlilegt þar sem þjóðlífið hefur tekið gagngerum breytingum (Ari Páll Kristinsson, 2001). Við gefum orðaforðanum þó ekki lausan tauminn þar sem hann er tenging okkar við fyrri aldir, stolt okkar og þryði, sem við viljum byggja ofan á.

Málrækt Íslendinga sést meðal annars í því að við höldum á lofti, keppumst við að nota og höldum að nýjum kynslóðum, gömlum orðtökum. Þessi orðtök eiga mörg hver uppruna sinn að rekja langt aftur í aldir, í samfélag sem enginn núlifandi Íslendingur þekkir til, nema af bóklestri, og myndhverfing þeirra hefur því lítið gildi nú á dögum. Tilvísunin er horfin og yfirfærsla merkingar á sér ekki stað en þrátt fyrir það teljum við eðlilegt að iðka enn þetta orðfæri. Í kjölfar þess hlýtur sú spurning því að vakna hvaða örlög bíða þessara gömlu orðtaka þegar grunnur myndhverfinganna er horfinn?

2.5 Dauðar myndhverfingar

Þegar myndhverfingar eru nýjar og lifandi í málinu styðja þær við hugsunina með því að kalla fram mynd í hugann sem útskýrir, á yfirfærðan hátt, við hvað er átt. Ef myndin hverfur á sér ekki lengur stað myndhverfing og orðfærið sem notað var til að gera henni skil þjónar ekki lengur hugsuninni vegna þess að málnotendur vita ekki um myndina sem vísað er til. Myndhverfingar sem svo er komið fyrir hafa verið nefndar „dauðar“ myndhverfingar en George Lakoff (1987) nefnir þó að sögulegar myndhverfingar sé hugsanlegra réttara heiti. Eldri skilgreiningar á „dauðum“ myndhverfingum byggjast á því að myndhverfingar tilheyri einungis ljóðrænu og skáldlegu máli en séu ekki hluti af daglegu máli okkar og hugsun. Samkvæmt því deyr myndhverfing rati hún inn í daglegt málfar manna en við það missihún töfra sína og sköpunarkraft. Sú kenning sem George Lakoff hefur sett fram um myndhverfingar fellur ekki að þessum hugmyndum um dauðar myndhverfingar en hann segir umræddar myndhverfingar einmitt vera eins lifandi og hugsast geti

(Lakoff, 1987). Þær eru einmitt lifandi þegar þær eru notaðar af almenningi og menn þekkja uppruna þeirra og vísun.

Myndhverfinga, sem deyja vegna forsendubrests og missa þar með mynd sína og vísun, bíður það eitt að verða að venjulegu orði eða orðasambandi sem hefur enga yfirlærða merkingu. Stór hluti myndhverfinga hlýtur þessi örlög, að verða bara orðasambönd, föst orðtök og lifa í málinu sem slík en segja ekkert meira um þann veruleika sem fjallað er um.

Íslensk tunga er rík af myndhverfingum sem þessum. Hið tiltölulega stöðuga íslenska bændasamfélag, sem hafði alið af sér og varðveitt ógrynni myndhverfinga um aldaskeið, tók gagngerum breytingum á 19. og 20. öld. Á 19. öldinni voru miklar hræringar í bændasamfélaginu og endurteknar hörmungar gengu yfir þjóðina. Undir lok aldarinnar urðu straumhvörf í atvinnulífinu, fólki fjölgaði og fiskiþorp og kaupstaðir tóku að myndast í auknum mæli við strendur landsins. Kreppa var í landbúnaði, menn leituðu til sjávar og enn aðrir til Vesturheims. Höfuðborgin Reykjavík varð til og Ísland nútímans var farið að taka á sig þó nokkra mynd. Þegar komið var á 20. öldina færðist aukinn hraði í allar breytingar (Guðmundur Hálfðanarson, 1992:12). Á þeirri öld varð Ísland fullvalda ríki og nokkrum áratugum síðar hlutu Íslendingar sjálfstæði frá Dönum. Á einum mannsaldri hefur orðið gjörbreyting á íslensku samfélagi. Samhliða mikilli fólksfjölgun hefur algjör bylting orðið í tækni og vísindum og neyslu- og velferðarsamfélag hefur litið dagsins ljós (Guðmundur Jónsson, 1994:12). Þeir sem fæddust í moldarkofa í upphafi aldarinnar áttu þess kost undir lok hennar að senda sms, eiga netsamskipti yfir hálfan hnöttinn og horfa á bíómyndir af örmjórrí skífu.

Reynsluheimur manna hefur gjörbreytt á stuttum tíma og mestu öfgarnar voru á síðastliðinni öld. Það liggur því fyrir að sú veröld, sem þorri Íslendinga var mótaður af allar götur frá landnámi og málið sprottið af, er horfin og allt annar veruleiki hefur tekið við. Því gerist það ósjaldan að orð og orðtök frá eldra málstigi brenglast á vörum manna vegna þess að þeir þekkja ekki þann veruleika, þankagang eða lifnaðarhætti, sem orðtakið vísar til (Erna Árnadóttir, 2000:63). Myndhverfingarnar halda lífi í orðtökunum og ef þær deyja hverfur mynd orðtakanna. Þegar uppruni þeirra er á huldu, og er mönnum hvergi aðgengilegur nema í bókum, er yfirlærða merkingin það eina sem eftir stendur. Hún er þá orðin fast orðasamband sem gerir þær kröfur til málnotenda að þeir læri hana utan að vegna þess að myndhverfingin, hin merkingarbæra mynd, er löngu horfin.

2.6 Afleiðingar myndhverfingadauðans

Hvaða afleiðingar hefur það að ríghalda í gamalt mál, orðfæri og myndhverfingar sem mynduðust í sveitasamfélagi sem er alls kostar ólíkt því samfélagi sem við búum við nú á dögum? Hvað gerist þegar myndhverfingarnar deyja? Þjóðfélagið hefur tekið stakkaskiptum en orðtökin standa eftir, þeim er haldið á lofti og þau eru álitin órjúfanlegur þáttur í íslenskri menningu og tungu. Menn keppast við að nota gömul orðtök en vegna þekkingarskorts brenglast þau gjarnan á vörum manna. Merking og uppruni þessara myndhverfinga verður nútímamönnum framandi og því vefst notkun og þýðing þeirra fyrir mönnum (Sölvi Sveinsson, 1993:7).

Fólk leggur sig fram um að nota orðtök í tali sínu og skrifum en ruglar gjarnan tveimur orðtökum saman, notar rangar forsetningar eða brenglar merkinguna þeirra með einhverjum hætti. Ástæða þess að fólk þó kys að beita orðtökum er stundum tilgerð en gjarnan aðeins ósk um að komast vel að orði (Erna Árnadóttir, 2000:63). Rökin fyrir því að vanda málfar sitt eru kunnugleg. Málið ber uppi menningu okkar, við eigum sjálfstæði okkar því að þakka og það tengir okkur við fyrri aldir (Erna Árnadóttir, 2000:58). Orðtök auka blæbrigði málsins og gera það fjölbreyttara og því vilja sumir hafa þau á valdi sínu (Halldór Halldórsson, 1954:17-19). Menn keppast við að slá um sig með orðtökum jafnvel þó þeir hætti á að fara rangt með þau og verða sér þá jafnvel til skammar.

Er ástæða þess að við viljum vanda mál okkar fagurfræðilegs eðlis? Eða er okkur svo í mun að halda á lofti sögu þjóðar vorrar? Eflaust vega báðir þessir þættir nokkuð en samt sem áður vegur það þungt að við erum dæmd eftir því hvernig við tölum. Því er ekki hægt að neita. Við tökum meira mark á þeim sem tala gott og vandað mál, nota fjölbreyttan og ríkulegan orðaforða, geta beitt fyrir sig orðtökum og málsháttum og farið rétt með. Við lítum jafnvel niður á þá sem tala óvandað mál, beygja orð vitlaust, sletta erlendum orðum og fara rangt með orðtök. (Erna Árnadóttir, 2000:59). Algengt er að menn leggi sig fram við að reyna að tala gott mál en vegna þess að þeir skilja ekki forsendur málsins og vísanir verður útkoman oft æði skrautleg og merkingarlega röng. Þetta kapp um að tala „rétt“ mál er afleiðing málverndarstefnunnar sem lítur á það sem eldra er í málinu „rétt“ og nýrri fyrirbrigði „röng“. Hún hefur leitt til þess að mat er lagt á mál fólks og flestar málbreytingar álitnar af hinu illa (Gísli Pálsson, 1979). Þetta viðhorf er útbreitt í þjóðfélaginu og hefur skapað málfarsleg viðmið sem þorri almennings reynir að fylgja með misgóðum árangri.

Í allri umræðu um málrækt og mikilvægi þess að beita fjölbreyttum orðaforða og orðtökum heyrst sjaldan nefnd meginvirkni orðtaka. Orðtök eiga að hjálpa mönnum og vera til útskýringar með því að virkja reynslu af efnisheiminum til að vekja skilning eða hafa áhrif á skilning viðmælanda á einhverju sem er óljóst (Lakoff og Johnson, 1980:5). Þetta er eitt helsta hlutverk orðtaka og ástæða þess að þau verða til en heyrst samt hvergi nefnt sem ástæða þess að við ættum að nota orðtök. Vissulega eru til orðtök í málinu sem enn birta mönnum ljóslifandi myndir og uppfylla því þetta meginhlutverk sitt. En stór hluti orðtakasafns Íslendinga kallar ekki fram neina mynd og er þá frekar orðinn til trafala en upplýsingar. Orðtakasafn íslenskunnar geymir sannarlega ómetanlegar upplýsingar um lífnaðarhætti fyrri alda en í rauninni er það frekar safnfræðirit heldur en hagnýtt mál fyrir nútíma Íslendinga.

Þegar sagt er að Jón *hafi hönd í bagga* með Magga vita sumir að átt er við að Jón hafi aðstoðað Magga á einhvern hátt. Í hugum fæstra Íslendinga, a.m.k. yngri kynslóða, bregður fyrri mynd af manni sem gengur með hesti og styður við heybagga á baki hans til að tryggja að vel fari. Sumir þekkja til vísunarinnar einfaldlega vegna þess að þeir hafa lesið eða fræðst um lífnaðarhætti fyrri tíma, aðrir hafa lært orðalagið utanað og nota það, misnákvæmlega, til að skreyta mál sitt og enn aðrir hafa það ekki á valdi sínu en skilja það eftir atvikum. Að endingu eru það þeir, gjarnan yngsta kynslóðin, sem hefur ekki hugmynd um merkingu eða uppruna orðtaksins.

Það er ekki óalgengt að fólk sé beðið um *að brjóta odd af oflæti sínu* og gera eitthvað, gjarnan í þeim skilningi að það eigi að vægja eða láta af stolti sínu. Þetta er þjált orðalag sem fer vel í munn, í því er stuðlun – odd og oflæti – og hrynjandi. Hversu margir átta sig hins vegar á merkingaryfirfærslunni? Odd af hverju eigum við að brjóta? Hvað þýðir oflæti? Ef þetta vefst fyrir málnotendum getur orðtakið brenglast í meðförum þeirra og í þessu tilfelli hafa undirritaðar oftast en einu sinni heyrt sagt „að brjóta odd af *örlæti*“. Örlæti er algengt orð í dag en oflæti sjaldgæft og því ekki óeðlilegt að málkenndin giski á það orð í þessari samsetningu. Gallinn er þó sá að með þeirri litlu breytingu hefur merking orðtaksins snúist upp í andhverfu sína. Ofalæti þýðir dramb, hroki eða mikillæti og það er þarna táknað með oddhvössu vopni. Líkingin byggir á því að bit eggjárnsins er minnkað með því að brjóta af því oddinn. Yfirfærð merking þess er því að drambsamur maður og sá sem sýnir mikillæti í orðum eða fasi gefi eftir. Blæbrigðamunur er á merkingu þess í dag vegna þess að það er ekki eingöngu notað í tilvikum þar sem sýnd er drambsök hegðun

heldur er það helst notað í almennri merkingu eftirgjafar. Vissulega er vel til orða tekið og myndhverfingin vel til fundin en orðtakið er þekkt úr Njáls sögu (Jón G. Friðjónsson, 2006:466). Það hefur hins vegar misst töfra sína vegna þess að nútímafólk, margt hvert, skilur ekki orðin og merkingu þeirra þannig að það eina sem situr eftir er orðanna hljóðan, sem vissulega er hljómfögur.

Ófá orðtök eru komin úr sjómannamáli, frá þeim tíma þegar stór hluti Íslendinga hafði lifibrauð sitt af fiskveiðum. *Að hafa borð fyrir báru* er eitt þeirra. Í dag heyrum við orðið borð og hugsum plötu á fótum, eldhúsbord, stofubord eða skrifbord. Margir vita þó að bára er annað orð yfir öldu og því verður myndin harla einkennileg. Borð merkir hins vegar fjöl í bát, súðbyrtum, og af því er orðið borðstokkur líklega dregið en það er efri hluti á síðu skips. *Að hafa borð fyrir báru* vísar því til þess að hlaða bát sinn ekki það mikið að aldan ríði yfir borðstokkinn. Yfirfærð merking þess, sú þýðing sem atburðurinn hefur, er að sýna fyrirhyggju eða varúð. Í dag hlaða fáir árabáta, nema helst þeir sem sækja sjóinn, myndhverfingin er því horfin og orðtakið er frekar til trafala fyrir mælanda og áheyranda en til útskýringar. Stuðlunin er þó til staðar, orðtakið hljómar vel og menn virka vel lesnir ef þeir hafa það á valdi sínu.

Hlutverk myndhverfinga, sem eiga að vera hækja hugsunar okkar og vettvangur sköpunar, er orðið allt annað þegar þær hafa misst sambandið við uppruna sinn. Um stóran hluta orðtaka segir í hinum ýmsu uppflettiritum að uppruni þeirra sé óþekktur. Eitt af mörgum er orðtakið *að fara í launkofa með eitthvað* en Jón G. Friðjónsson (2006:383) segir að elsta dæmi um svipað orðalag sé þekkt frá fyrri hluta 18. aldar, nánar tiltekið úr Vídalínspostillu, en að uppruni þess og líking sé óljós. Hann reynir að geta sér til um uppruna þess með hugsanlegum afbökunum eða skyldleika við önnur orð en lesandi verður engu nær um þá mynd sem orðtakið hefur upphaflega kallað fram. Myndhverfingin og sú merking sem upphaflega var yfirfærð byggir ekki á miklu þegar uppruni hennar er á huldu. Hugurinn leitar þeim hins vegar stað, leitar að vísuninni, til þess að þær geti gengt upphaflegu hlutverki sínu en það veldur oft misskilningi, bæði merkingarlegum og í orðalagi. Myndhverfingarnar eru þá notaðar í vitlausu samhengi, röngum forsetningum er beitt eða merking þeirra afbökuð á einhvern hátt. Slíkar myndhverfingar auka ekki virkni tungumálsins eða höfða til sköpunarmáttar málnotenda heldur nýtast sem fast orðalag sem málnotendur geta gripið til í stað þess að velja orðin eftir eigin höfði.

Tilraun manna til að varðveita þetta orðfæri virðist hálf vonlaus og velta má fyrir sér gagnsemi þess eða möguleikum orðfærisins. Orðtökin eiga tilvist sína í raun undir tregðu tungumálsins til þess að skipta um orðfæri. Það er verið að krefjast þess að tungumálið sé allt annars eðlis heldur en þegar myndhverfingarnar voru virkar. Myndhverfingar eru einn mesti sköpunarþáttur tungumálsins og með þessari miklu varðveisluhyggi orðfærisins er verið að kalla stöðnun yfir málið. Þegar myndhverfingarnar deyja hverfur möguleikinn á táknsögum byggðum á þeim, það er ekki hægt að spinna í gegnum myndhverfingar án þess að skilja þær. Það er ekki unnt að halda sömu mynd í gegnum allan málf lutninginn ef við þekkjum ekki samhengi myndanna og því ekki hægt að hverfa til þess veruleika og byggja allt mál sitt á vísun í hann. Myndhverfingarnar eru staðnaðar, orðnar fast orðalag sem við lærum og því gerilsneyddar allri sköpun. Vissulega á einhver sköpun sér alltaf stað í málinu en þessi mikla byrði sem hinar dauðu myndhverfingar eru á málinu takmarkar þá möguleika. Málið hefur fengið mörg aukahlutverk, önnur en það að vera tjáskiptatæki, og þau eru orðin íþyngjandi fyrir málnotendur.

3. Upplifun grunnskólanema af myndhverfingum

3.1 Málræktarhlutverk skólakerfisins

Menntun upprennandi og komandi kynslóða er að miklum hluta í höndum skóla landsins. Skólakerfið er leiðandi í því að rækta og vernda tunguna. Í *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2009* leggur Íslensk málnefnd (2009) áherslu á að nýta það verkfæri sem skólakerfið er til að tryggja sess íslenskunnar í samfélaginu. Framtíð tungunnar veltur því að miklum hluta á skólakerfinu og hæfni kennara til að sinna því hlutverki. Kennarar, og sér í lagi íslenskukennarar, eru þess vegna einir helstu varðmenn tungumálsins og kröfur eru um að málræktin sé stunduð þar.

Íslenskukennsla hefur lengi skipað stóran sess í stundaskrá grunnskólans og íslenskuhluti Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2007 (4) hefst á því að brýnt er fyrir mönnum mikilvægi móðurmálskennslu „Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða haldgóðrar menntunar, lestur öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti forsenda þátttöku í samfélaginu.“ Þarna birtist áður nefnt viðhorf til þess að vera vel máli farinn og gildi þess að tala gott og vandað mál. Lestur eykur orðaforða og málskilning, þjálfar lesskilning og eykur vald á móðurmálinu (Ragnheiður Gestsdóttir, 2005). Með lestri lærist vandað orðfæri og er hann því lykilþáttur góðs málfars. Dregið hefur úr bóklestri ungmenna og er það vaxandi áhyggjuefni kennara (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2006). Þverrandi bóklestur leiðir til þess að það dregur úr orðaforða ungmenna sem hefur meðal annars í för með sér minni notkun og þekkingu á orðtökum en eins og Ásgeir Blöndal Magnússon (1964:172) bendir á þá varðveitist orðaforðinn meðal annars í lesmáli. Þessi þróun leiðir til þess að tengslin við hið forna mál Íslendinga rofna og því mætti draga þá ályktun að þær myndhverfingar sem varðveist hafa í málinu frá öldum áður muni smám saman glatast og jafnvel hverfa að fullu.

3.2 Tilgangur og framkvæmd viðtala

Í tilefni þessarar umfjöllunar okkar um myndhverfingar í íslenskri tungu tókum við tali reyndan íslenskukennara í fámennum grunnskóla á landsbyggðinni og fimm nemendur á unglíngastigi við sama skóla. Kennarinn hefur yfir þrjátíu og fimm ára reynslu af íslenskukennslu á unglíngastigi. Við leituðum til hans sakir þessarar löngu reynslu hans og þeirrar yfirsýnar sem hann hefur af þróun móðurmálsins hjá nemendum á þessu tímabili. Viðtalið fór fram á skrifstofu kennarans, það var á

samræðuformi og stóð yfir í um það vil hálf klukkustund. Við ræddum einslega við dreng í 10. bekk og stúlku í 9. bekk en tókum hópviðtal við þrjár stúlkur í 10. bekk. Viðtölin fóru öll fram samdægurs í einni af kennslustofum skólans og stóð hvert þeirra yfir í tíu til fimmtán mínútur.

Viðtalið við kennarann var hugsað til þess að komast að því hvar áherslur hans í kennslu liggja og hvernig hann upplifir málvitund og málfar nemenda. Viðtöl við nemendur voru til þess að kanna upplifun þeirra af eigin máli, viðhorf til íslenskukennslu og móðurmálsins almennt.

3.3 Viðtal við kennara

Þegar við innum kennarann eftir málfari unglunga í dag kveðst hann hafa merkt breytingar á því. Hann segir það „ekkert verra eða lélegra en það hefur verið“ heldur sé það öðruvísi. Ný orð koma inn í mál nemenda, slettur og stælar, en almennt eru þau ágætlega máli farin. Frá því að hann hóf störf er mesta breytingin að hans mati minni orðaforði og lakari lesskilningur. Hann segir krakka lesa miklu minna nú en áður og að það sé erfiðara að fá þau til að lesa sem leiðir til þess að þau eiga í vandræðum með að skilja einstök orð og lesa í merkingu texta. Hann bendir jafnframt á að sá texti sem unglungarnir lesi í dag sé mest megnis texti af tölvuskjá þar sem þau fari ört á milli vefsíðna, „þau smella bara og stökkva á milli, það er ekki verið að sökkva sér ofan í textann.“

Þegar hann er spurður um texta námsbóka segir hann að nemendur eigi erfiðara með að skilja þann texta en áður þrátt fyrir að málfar bókanna sé að hans mati „bara mjög venjulegt“. Hann segir nemendur virðast eingöngu geta skilið það sem er samið sérstaklega með börn og unglunga í huga. Hann er þó ekki viss um hvað það er sem veldur, hvort það er málið, samsetningin á því eða söguþráðurinn. Hann segir ástæðuna þó geta verið að nemendum finnist þetta vera gamaldags mál og þau skilji það ekki en það þykir honum „helvíti lélegt.“ Hann spyr sig jafnframt: „Erum við ekki að monta okkur af því að geta lesið þúsund ára gamla texta? Það er nú ekki lengi að fenna yfir það ef við getum ekki lesið tæplega fimmtíu ára gamla texta.“

Kennarinn segir að samhliða minnkandi orðaforða hafi nemendur minni tök á orðtökum og orðatiltækjum. Hann segir að auðvitað hafi nemendur aldrei haft fullkomið vald á slíku en að þverrandi orðaforði þeirra hljótist af minni þjálfun og

vísar hann þar í lestur. Hann nefnir að í dag liggi leið flestra nemenda í framhaldsskóla og að þar eigi þetta eftir að standa þeim fyrir þrifum.

Þrátt fyrir að þekking nemenda á orðtökum fari dvínandi heldur kennarinn því fram að nemendur „geti verið sniðugir í orðavali” og að tungutak þeirra sé myndrænt. Þeir noti alls konar orðtök sem eigi sér aðrar rætur en í fornum búskaparháttum, hernaði eða sjómennsku. Hann segir þá nota orðtök sem spretta upp í nútímanum og verða til í samfélagi þeirra, orðtök sem meðal annars komi úr íþróttaheiminum frá „Adolfi Inga og þessum körlum.”

Kennarinn hefur ekki áhyggjur af því að málið sé nemendum framandi heldur segir nemendur hafa gott af því að læra og lesa mál sem kemur þeim spáskt fyrir sjónir þrátt fyrir að „þeir séu ekki í bændasamfélagi.” Hann telur það hluta af því að skilja hvernig málið er. Vandinn er að hans mati ekki sá að nemendur hafi ekki gaman af vangaveltum um málið heldur segir hann að ábyrgðin liggi hjá kennurum sem þurfa að ná að gera þetta áhugavert í kennslunni. Hann segir það undir kennurum komið að setja efnið skammtilega fram og nefnir sem dæmi að nemendum finnist leiðinlegt þegar kennsla um myndmál snýst aðallega um hugtök og heiti en að þeir geti vel hrifist af flottu myndmáli. Honum er tíðrætt um þennan mikla vanda kennara, að gera kennsluefnið áhugavert og segist hann eiga nóg af verkefnum til að greina myndmál í ljóðum eða texta en heldur að það sé ekki til þess fallið að vekja áhuga nemenda.

Kennarinn tekur undir það sjónarmið að vandi sé af því að grunnur myndhverfinga og annars myndmáls sé nemendum ókunnugur. Honum finnst nemendur fjarlægjast þessar gömlu myndhverfingar vegna þess að þeir lesi minna og sjái þar af leiðandi og heyri minna af þeim. Hans skoðun er sú að það sé ekkert athugavert við það að nemendur skilji ekki orðtök sem voru algeng fyrir hundrað árum heldur leggur hann áherslu á að það komi alltaf eitthvað nýtt í staðinn og að krakkar geti verið mjög frjóir í líkingamáli og orðmyndun. Honum finnst það ekki tiltökumál að þeir tali „sitt mál” og segir það vera „alveg nógu gott mál til síns brúks.”

Kennarinn er þeirrar skoðunar, þegar kemur að uppbyggingu íslenskukennslu, að vægi lesturs og þess að fást við málið mætti gjarnan vera meira. Hann segir þetta vera „hundrað ára gamalt þras um” hvernig eigi að kenna tungumálið. Vandinn sé hins vegar sá að búið sé að færa megnið af málfræði og beygingarfræði úr framhaldsskólunum og yfir í grunnskólana og þar af leiðandi fari mest allt

málfræðinám nemenda fram fyrir sextán ára aldur. Það skilur því ekki mikið pláss eftir í stundatöflu fyrir annars konar íslenskukennslu. Kennarinn segist finna fyrir áhugaleysi nemenda á málfræði og hann á sjálfur erfitt með að réttlæta fyrir þeim alla þessa málfræðikennslu.

3.4 Viðtal við nemendur

Í ljós kemur að viðhorf nemenda til íslenskukennslu er afar neikvætt. Þeir sjá ekki tilganginn eða markmiðið með því sem verið er að fást við þar sem efnið kemur þeim ekki að miklum notum í daglegu lífi. Þeir benda til dæmis á að erfitt sé að eygja tilganginn með því að læra um viðtengingarhátt nútíðar og þátíðar, óbeina ræðu eða orðflokkagreiningu, svo fátt eitt sé nefnt. Það sem þeir gagnrýna þó einna helst eru einhæfar kennsluáferðir sem geri það að verkum að þau missa áhugann og eiga því erfiðara með að læra. Í námsbókunum eru textabrot úr ýmsum áttum, eftir íslenska höfunda frá mismunandi tímum, en nemendum þykir þeir almennt ekki áhugaverðir og myndu sjálfir ekki velja sér þá til aflestrar. Í augum þeirra er slíkur lestur eingöngu lærdómur og þegar nemendur eiga sjálfir að velja sér lesefni standa sérskrifaðar unglingabækur upp úr.

Þegar nemendur eru spurðir um lestrarvenjur sínar segjast flestir lesa lítið sem ekkert, meðal annars vegna einbeitingar- og áhugaleysis, og það kemur í ljós að það hefur dregið úr lestri þeirra eftir því sem hefur liðið á grunnskólann. Sérskrifaðar unglingabækur eru þær bækur sem þeim finnst auðveldast að skilja, þær eru skrifaðar á þeirra máli á meðan orðalag „fullorðinsbóka“ er þeim ekki tamt og þeir eiga í erfiðleikum með að skilja það. Ljóðakennsla skipar fastan sess í íslenskukennslu og lesin eru gömul og ný ljóð í bland. Eldri ljóð reynast nemendum erfiðari, að þeirra sögn, vegna þess að þau eru „orðuð svo skrítið“. Þeir skilja þá ljóðin eingöngu með hjálp kennarans. Þeir lesa einnig eldri texta og er Gísla saga Súrssonar skyldulesning í 10. bekk. Nemendurnir voru allir sammála um það að án ítarlegra útskýringa og leiðsagnar kennarans hefðu þeir ekkert botnað í sögunni. Þar vefst helst fyrir þeim orðaforðinn, en hann er æði ólíkur virkum orðaforða þeirra, framandi orðtök sem koma fyrir í sögunni og flókinn söguþráður.

Orðtakakennsla er ekki markviss en það kemur reglulega fyrir að nemendur eigi að útskýra yfirfærða merkingu orðtaka. Sú kennsla snýst eingöngu um þessa yfirfærðu merkingu, engin áhersla er lögð á uppruna þeirra og nemendur kveðast

ekki leiða hugann að uppruna þeirra orðtaka sem á vegi þeirra verða. Þeir segjast ekki kunna mikið af orðtökum og nota þau lítið, einungis þegar fyrirmæli eru um slíkt. Jafnframt virðist ekki vera til staðar áhugi á að tileinka sér þau orðtök sem þeir læra. Enginn nemendanna getur ímyndað sér af hverju fólk notar orðtök á annað borð.

Nemendur greina mikinn mun á þeirra eigin málfari og eldra fólks en minnst á undantekningar meðal jafningja sem þeir segja að tali „gamaldags mál“. Ástæður þess telja þeir vera áhrif frá foreldrum og mikinn lestur. Þrátt fyrir þennan mun á máli segjast nemendur ekki líta á það sem svo að annað málið sé betra eða verra en hitt. Þeir álíta mál fullorðinna ekki fallegra eða vandaðra, aðeins öðruvísi..

Nemendur virðast hugsa um málið sem tvenns konar mál, „eldri útgáfuna“ og „okkar mál“. Þeir telja sig hafa ágætis vald á „sínu máli“ en orð í máli eldra fólks vefjast gjarnan fyrir þeim. Sumir nemendanna upplifa sig með lélegan orðaforða og segja sig oft skorta orð þegar þeir eru að tjá sig og grípa þeir þá stundum til enskra orða. Þetta á einnig við um ritun þeirra, þeir eiga ekki í vandræðum með að koma efninu frá sér á talmáli sínu en þegar kröfur eru um „vandað“ mál þá vandast málið og þeir leita aðstoðar hjá sér eldra fólki. Upplifun nemendanna á eigin máli er misjöfn, sumir álíta sig standa vel á meðan öðrum finnst þeir tala mjög vitlaust og segja að mál þeirra sé gjarnan leiðrétt af eldra fólki.

4. Umræður

4.1 Er íslenskukennsla á villigötum?

Nokkur samhljómur er í máli kennarans og nemendanna. Mál nemendanna styður það sem kennarinn hefur að segja um lestrarvenjur þeirra, orðaforða og málfar. Mesta breytingin sem kennarinn sér á máli nemenda frá því hann hóf kennslu er minni orðaforði þeirra og lakari lesskilningur enda segir hann þá flesta lesa lítið sem ekkert. Aðeins einn af þeim fimm nemendum sem rætt var við sagðist lesa bækur sér til ánægju. Ein ástæða þess segja nemendur vera skort á einbeitingu en kennarinn hefur sömu sögu að segja, að nemendur ættu erfitt með að sökkva sér í efnið. Flestir nemendanna telja sig búa yfir litlum orðaforða og nefna að þeir eigi erfitt með að koma hugsunum sínum í orð. Þetta styður orð Baldurs Ragnarssonar (1965:9,13) að til þess að geta orðað hugsanir sínar, sem er eitt meginhlutverk málsins, verði málnotendur að búa yfir nægilegum orðaforða. Eins og áður hefur verið nefnt haldast lestur, orðaforði og málskilningur í hendur og sú staðreynd að lestur unglunga fer minnkandi kemur augljóslega niður á orðaforða þeirra.

Það sem unglingar virðast helst lesa, samkvæmt kennaranum og nemendum, eru bækur sem eru skrifaðar sérstaklega handa unglungum. Það skilja þeir og því er ekki að furða að þær bækur verði fyrir valinu. Þegar kemur að því að lesa mörg hundruð ára gamla texta eins og Íslendingasögur þá standa nemendur auðvitað á gati. Annars vegar eiga þeir erfitt með að halda þræði og hins vegar botna þeir hvorki upp né niður í orðum og orðtökum sagnanna. Íslenskukennsla byggir á því að nemendur læri um móðurmál sitt, sem þeir þekkja og skilja en reyndin er oft önnur. Nemendur kljást við texta sem hafa orðið til í og fjalla um veruleika sem þeir þekkja ekki og þar að auki eru þeir á máli sem er þeim framandi. Þetta er ekki til þess fallið að ýta undir áhuga þeirra á íslensku sem námsgrein. Þar að auki getur þetta orðið til þess að bókmenntaarfurinn misferst, nýjar kynslóðir lesa hann ekki vegna þess að hann er á dauðu tungumáli.

Meginmarkmið íslenskukennslu samkvæmt aðalnámskrá er að „nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málsins“ (Aðalnámskrá grunnskóla, íslenskuhluti, 2007:5). Viðhorf nemendanna til íslenskukennslu er afar neikvætt en það hlýst meðal annars af því að þeir eru að glíma við texta sem þeir ekki skilja, einn nemandinn benti á að kennsluaðferðirnar væru einhæfar og þeir sjá ekki tilganginn með allri málfræðikennslunni. Grunnskólakennurum eru settar þröngar skorður um hvað þeir

eigi að kenna og kennarinn bendir á það að nánast alla málfræðipækkingu verði nemendur að öðlast í grunnskóla því lítið sé kennt af slíku í framhaldsskólum. Hann vill sjálfur eyða meiri tíma í annars konar íslenskukennslu, meðal annars að styrkja málvitund nemenda, en upplifun hans er sú að vissar kröfur séu gerðar um málfræðikennslu sem hann verður að standa undir. Vitnisburður nemenda leiðir í ljós að kennarar ættu ef til vill að leggja meiri tíma í þess konar kennslu. Það kemur í ljós að nemendurnir leiða almennt ekki hugann að málfari eða sýna málinu áhuga og velta því ekki fyrir sér hvort eitt málsnið sé betra en annað.

Ef taka á mark á þeim orðum aðalnámskrár að meginmarkmið íslenskukennslu sé jákvætt viðhorf (Aðalnámskrá grunnskóla. Íslensku hluti, 2007:5) nemenda til málsins má spyrja hvort ekki þyrfti að draga úr málfræðikennslu eða nálgast hana á annan hátt til þess að ná því markmiði. Önnur nálgun væri að kenna um eðli tungumálsins, hvernig það lýtur að sambandi hugsunar, orða og hins meinta veruleika og hvernig það breytist og þróast vegna utanaðkomandi áhrifa. Nemendur sjá ekki tilganginn með málfræðinámi og kennarinn segist sjálfur eiga erfitt með að færa rök fyrir þeirri kennslu. Hvaða gagn gerir þá hin formlega málfræðikennsla? Hún er lýsing á málinu en er í raun ekki upplýsandi um hvaða ferli eiga sér stað í málinu eða hvernig það uppfyllir hlutverk sitt sem samskiptatæki. Lausnin gæti verið sú að gera nemendur að meiri vísindamönnum og í stað þess að leggja á flóttu af því að þeir hafa ekki áhuga á málfræði ætti að sækja fram á nýjum sviðum.

Eins og fram hefur komið standa nemendur einnig frammi fyrir vissum erfiðleikum þegar kemur að bókmenntakennslu. Þar vefst einna helst fyrir þeim „gamaldags“ mál og málnotkun. Kennarinn skilur þessa erfiðleika nemenda en þykir samt sem áður sjálfsagt að þeir lesi íslenskar bókmenntir fyrri og síðari alda en ekki aðeins nútímabókmenntir. Þetta viðhorf má greina hjá kennurum og kemur það glögg í ljós í kennslubók Baldurs Ragnarssonar, *Mál og málnotkun* (1965). Í bókinni er kafli um orðtök þar sem markmiðið er að dýpka skilning nemenda á þeim orðtökum sem þeim ættu að vera töm. Baldur er þeirrar skoðunar að kennsla þessara orðtaka eigi rétt á sér þrátt fyrir að þau séu „þegar orðin eða á leið að breytast í steinrunnin, lífvana orðasambönd.“ Hann gerir sér grein fyrir að þessi orðtök séu dauð eða deyjandi og segir ástæðu þess vera að líkingarnar sem í þeim felast tilheyri liðinni tíð en séu ekki fyrirbæri samtímans (Baldur Ragnarsson, 1965:83). Þrátt fyrir það telur hann að þau eigi erindi við nýjar kynslóðir málnotenda. Þarna birtist menningarlegt en jafnframt pólitískt hlutverk skólans að varðveita og miðla

þjóðararfinum. Menntunargildið fellur í skuggann fyrir menningarpólítískri kröfu um að skólinn og kennarar hans séu varðmenn tungunnar og hlutverk skólans lýtur þarna frekar að samfélaginu og þjóðinni í heild heldur en menntun nemendanna. Mýta eða ímynd íslensku þjóðarinnar er sú að hún geti lesið texta sem skrifaðir voru fyrir nær átta öldum og hlutverk skólans er að viðhalda þeirri ímynd.

4.2 Nýsköpun á meðal unglunga

Mál unglunga tekur stöðugum breytingum, ný orð verða til, sum festa sig í sessi en önnur ekki og slettur og stælar eru áberandi eins og kennarinn bendir á. Munur er á máli nemenda í dag og fyrir nokkrum áratugum en kennarinn vill þó ekki meina að málið í dag sé verra heldur er það öðruvísi. Hann fellir því ekki dóm um mál unglunga, segir það ekki vera lélegt né slæmt þrátt fyrir að það samræmist ekki eldri málhefð. Hann telur ýmislegt jákvætt við mál unglunga og þá þróun sem þar á sér stað. Nemendur upplifa sitt mál sem aðra útgáfu af íslensku máli og þau telja sig ekki tala hið hefðbundna, viðurkennda mál. „Eldri útgáfuna“, eins og einn nemandinn orðaði það, telja þeir gamaldags og ekki eiga mikið erindi við sig.

Samkvæmt Penelope Eckert (1998:152, 157-158) er nýmyndun á meðal unglunga mikil en mál þeirra er hluti af uppbyggingu tungumálsins og hefur mikla þýðingu fyrir það. Það samræmist því sem umræddur kennari hafði að segja en honum var tíðrætt um sköpunargleði nemenda í málinu. Hann sagði nemendur vera óhrædda við að nota og finna upp nýjar myndhverfingar og það bendir til þess að stöðug endurnýjun eigi sér stað í málinu. Myndhverfingar gamla tímans, eins og þær birtast í orðtökum, virðast vera baggi á nemendum og því er það eðlilegt að þeir sækji sér nýjar myndhverfingar í það samfélag sem þeir lifa og hrærast í. Þeir læra yfirfærða merkingu þessara orðtaka en ekkert um uppruna þeirra eða virkni og sjá því lítinn tilgang með notkun þeirra. Þeir vinna aðeins með merkinguna og eru því í raun að glíma við þau eins og útlent mál. Slík kennsla eykur ekki skilning á málinu eða hvetur til notkunar myndhverfinga eða nýsköpunar. Í stað þess að fordæma ætti að ýta undir uppfinningasemi unglunga þar sem hún er í rauninni hluti af eðlilegri þróun tungumálsins. En kyrrstaða tungu jafngildir dauða hennar (Benedikt Jónsson, 2006:199-200). Slík þróun hlýtur einnig að falla að áherslum málræktar um eflingu tungunnar þó svo að hún eigi sér ekki aðdraganda í formlegum nefndum eða ráðum.

Þetta snýst ekki um gott og vont mál heldur endurnýjun og að losa málið við líkið í lestinni. Málnotendur geta eftir atvikum lært þetta staðlaða orðalag en margir ná þó aldrei tökum á því vegna þess að það er fyrir löngu orðið framandi og hætt að þjóna hugsuninni af því að ekki er lengur stuðningur af þeirri yfirfærslu merkingar sem í lifandi myndhverfingu felst. Skólinn, vísvitandi eða óvart, mætir nemendum með þennan orðaforða sem inniheldur gnótt af dauðum myndhverfingum sem hann krefst að þeir læri og metur þá síðan út frá því. Hvaða tækifæri hafa nemendur þá til nýsköpunar? Ef málið væri lifandi, það er að segja merkingaryfirfærslan og vísunin, væru þessar myndhverfingar hvati til nýsköpunar. Það er sköpun í málinu en af því að við erum að varðveita lík, af því við höfum þessa íhaldssömu stefnu, eru nemendur ekki upplýstir um eðli og virkni myndhverfinga og því eru ekki sköpuð skilyrði fyrir nýsköpun.

Með nýsköpun vilja unglingar skapa sér sérstöðu og greina sig frá öðrum aldurshópum, jafnt yngri sem eldri. Þeir skapa sér sérstöðu með því að búa til sitt eigið mál og lýsa þannig yfir sjálfstæði sínu (Eckert 1998: 162-164). Því er eðlilegt að hefðbundnar myndhverfingar og orðtök hins gamla sveitasamfélags eigi ekki upp á pallborðið hjá unglungum heldur leitist þeir við að skapa nýjar myndhverfingar. Eckert (1998:164-166) segir að þegar málnotendur eldist temji þeir sér meiri íhaldssemi og svo virðist vera að á fullorðinsárunum mæti fólki aukinn þrýstingur að tala hefðbundið og viðurkennt mál. Samkvæmt þessu ætti mesta nýsköpunin og endurnýjunin í málinu að eiga sér stað meðal yngstu kynslóðanna því meðal þeirra ríkir lítil íhaldssemi. Skólinn er sá aðili sem einna helst gæti ýtt undir nýsköpun í málinu. Hvernig væri ef skólakerfið tæki sér stöðu með máli nemenda og legði áherslu á ræktarsemi og sköpun í stað þess að halda að nemendum dauðu orðfæri?

4.3 Nýsköpun í tungumálinu

Nýsköpun á sér stöðugt stað í tungumálinu og ný orð bætast í sífellu við málið. Nýsköpunin getur sprottið af sköpunargleði málnotenda eða formlegri nýyrðasmíð þar sem orð eru búin til meðvitað til að orða nýjungar. Hið fyrrnefnda er nefnt virk orðmyndun en hið síðara lærð orðmyndun. Í lærðri orðmyndun eru ýmsar leiðir til að búa til ný orð yfir erlend hugtök. Ein þeirra er samsetning en þá eru tveir eða fleiri stofnar settir saman og úr verður eitt samsett orð, eins og sjónvarp, myndband og tölvupóstur (Guðrún Kvaran, 2001). Þessi orð eru gagnsæ, sem er einkennandi fyrir íslenskan orðaforða, en þau kalla fram mynd af nokkrum fyrirbærum sem varpa ljósi

á hið nýja fyrirbæri sem verið er að orða. Ákveðin merkingaryfirfærsla á sér stað og orðin eiga að skýra sig sjálf. Myndband er samsett úr stofnunum *mynd* og *band*, vísun orðsins er til myndar, ljósmyndar eða hreyfimyndar, og til bands. Ef við setjum þær vísanir saman er útkoman mynd sem er á bandi en þannig virka einmitt myndbönd, í það minnsta eins og þau voru þegar orðið var fundið upp. Nýmerking er önnur leið til nýmyndunar en það felur í sér að gömlu orði, sem ekki er lengur virkt í málinu, er gefin ný merking. Nýlegt dæmi um slíkt er sögnin *að skruna* sem var áður notuð um að renna sér. Ný merking hennar er „að hreyfa myndeiningar í tölvuglugga“ (Guðrún Kvaran, 2001), að „renna sér“ upp og niður í skjali á tölvuskjá. Þrátt fyrir að sögnin sé orðin óvirk og nýyrðið kalli ekki fram neina mynd í huga málnotenda er hún lýsandi fyrir þá sem hafa þekkt til upphaflegu merkingar sagnorðsins. Báðar þessar nýmyndunarleiðir fela í sér vissa myndhverfingu orða.

4.4 Nýmyndun án ritskoðunar

Þar sem lítil íhaldssemi ríkir og málnotendur hafa frjálsar hendur til að leika sér og gera tilraunir með málið er oft mikil gróska í sköpun myndhverfinga. Samhliða tækniþróun og aukinni netnotkun fólks hefur ýmsilegt breyst. Möguleikar fólks á að koma skoðunn sinni og máli á framfæri hafa stóraukist og í netheiminum á lítil sem engin ritskoðun sér stað. Fólk bloggar um allt og ekki neitt án mikillar ígrundunar, deilir sínum innstu leyndarmálum með ótal fésbókarvinum, segir sína skoðun á hinum ýmsu síðum og skrifar jafnvel pistla og fréttir fyrir einhverja af þeim ótal netmiðlum sem fyrirfinnast. Þar er mál manna með ýmsu sniði og mismikill metnaður er lagður í að skrifa hefðbundið formlegt mál. Leiða má líkur að því að þessir nýju samskiptamöguleikar tungumálsins fjölgi tækifærum málnotenda til sköpunar og nýjar myndhverfingar fái að líta dagsins ljós, sér í lagi á þeim síðum og svæðum þar sem lítil íhaldssemi ríkir.

Í uppskrifahorni Heilsupressunnar eru bananar nefndir „gular gleðisprengjur“ og svöng manneskja er orðin „eitt svangt eintak“ (Elín Helga Egilsdóttir, 2011). Bleikt.is er „vefur fyrir drottningar“ og þar segir Nína Margrét Jónsdóttir (2011) frá konu á þrítugsaldri sem segir sjálfa sig vera sérfræðing í því að „glóða lambakjöt“. Þar er hún þó ekki að vísa í afkæmi kindarinnar heldur á hún við sér yngri karlmenn eða „strákhvolpa“. Ósjaldan heyrast sagt að fótboltamenn „opni marka-reikninginn“ þegar þeir skora sitt fyrsta mark með nýju liði en þar er líkingin sótt í

fjármálaheiminn, samanber þegar fólk opnar sinn fyrsta bankareikning. Í þessum dæmum á sér stað viss yfirfærsla merkingar en hún er kveikjan að þessu nýja orðfæri. Til dæmis er ekki óalgengt að líkingar séu sóttar í fjármálaheiminn vegna þess að það er veruleiki sem flestir Íslendingar hafa reynslu af. Þannig eru líkingarnar sóttar í veruleika sem við höfum sameiginlega reynslu af og eftir því sem að fleiri deila þeirri reynslu þeim mun lífseigari verður myndhverfingin.

Könnunarleiðangur um óritskoðaðan netheiminn bendir til þess að fólk sé á ýmsan hátt að gera sér dælt við tungumálið, líti framhjá formlegum umgengnisreglum við það og hafi ekki stórar áhyggjur af málfari sínu. Er þetta ógn við tungumálið eða er þetta dæmi um sköpunarmátt og hugmyndaauðgi þess? Formlega málið, sem greipt er í orðabækur landsmanna og einkennist af mikilli íhaldssemi, er ekki nema hluti af því tungumáli sem notað er en öll dæmi um endurnýjun í málinu eru lengi að vinna sér sess í slíkum ritum.

4.5 Lífslíkur myndhverfinga

Þær myndhverfingar sem við höfum leitt rök að því að séu dauðar og eiga uppruna sinn í gamla íslenska sveitasamfélaginu hafa lifað eins lengi og raun ber vitni vegna þess að samfélagið var tiltölulega kyrrstætt í margar aldir. Þær gengu í munnmælum manna frá manni en jafnframt hefur ritmálið átt stóran þátt í varðveislu þeirra og langlífi. Margfalt meiri og hraðari breytingar eiga sér stað á samfélaginu nú en á öldum bændasamfélagsins, þar voru lifnaðarhættir einhæfari og reynsluheimur manna var svipaðri en raunin er í sérhæfðu samfélagi. Myndhverfingar byggja á reynsluheimi fólks og lifa á meðan sá reynsluheimur helst óbreyttur. Að því gefnu má ætla að þær myndhverfingar sem spretta upp í dag eigi erfiðara með að ná fótfestu því þær endurspeglar ekki endilega veruleika sem þjóðin öll hefur reynslu af og þær lifa ef til vill ekki eins lengi í málinu vegna þess að þær öru breytingar sem eiga sér stað úrelða myndhverfingarnar fljótt, þ.e. dauða þeirra ber skjótt að og þær eru ekki líklegar til að ná langlífi í málinu.

Nýleg myndhverfing, sem fáir taka eftir í daglegu tali og skipar stóran sess í máli manna, þ.e.a.s. allir landsmenn hafa reynslu af fyrirbærinu, er sögnin að „skella á” sem við notum um það þegar við slítum símtali. Þar vísum við í athöfnina að leggja símtól eða skella símtóli á símtækið. Þeir símar sem menn nota helst í dag eru ekki af þessari gerð, það er þeir samstanda ekki af símtæki og tóli heldur einu

í löngu flytjanlegu tæki og til þess að slíta símtali er símtól ekki lagt á símtæki heldur er sér takki á símanum til þess. Hinir fyrrnefndu símar eru þó enn í umferð og því er myndin enn lifandi. Ef við gefum okkur það, miðað við hina öru tækniþróun, að í nálægri framtíð muni notkun þessara síma hætta er freistandi að draga þá ályktun að orðasambandið „að skella á“ muni hverfa úr málinu vegna þess að málnotendur hafi ekki lengur hugmynd um hina gömlu gerð síma og vísunin verður þeim því ókunnug.

Þá má einnig velta því fyrir sér hversu orðglöð við erum yfir þennan breytta veruleika. Ef til vill er það þannig að sameiginleg reynsla okkar af athöfnum er orðin minni en hún var vegna aukinnar sérhæfingar í samfélaginu. Áður fyrr höfðum við mörg orð yfir það sem landinn fékkst við, svo sem fjárbúskap, sjóinn, landslag og veður en í nú virðist þróunin vera í þá átt að við höfum fá orð yfir margt. Veruleikinn er orðinn margbrotnari, sérhæfðari og flóknari og því hefur virkur orðaforði manna líklega ekki minnkað. Hins vegar er það svið sem sameiginleg reynsla allra landsmanna nær til orðið þrengra og því hægt að álykta að vissulega séu til orð yfir flest en að við látum okkur nægja eitt eða fá orð yfir hvert fyrirbæri. Eftir því sem fleiri hafa reynslu af fyrirbærinu er líklegra að nýmynduðum orðum yfir það fjölgi og sérhæfing samfélagsins leiðir því til færri orða um hvert fyrirbæri en jafnframt þarf að orða fleiri fyrirbæri.

Lokaorð

Dauði orðtaka er aðeins lítil hluti af umtalsverðum breytingum á tungumálinu sem ekki verða ljósar þar til þær hafa gerst. Þessi ritgerð er því aðeins örsnírá rannsókn á tilvistarþáttum heils tungumáls.

Eitt er hvað við ætlum tungumálinu og annað hvað það er í raun. Við ætlum málinu að vera stolt okkar og þryði og heimild um veröld sem var en í grunninn er það tjáningartæki sem er í stöðugri þróun. Það mótast af umhverfi sínu og verður ekki skilið án reynslu af því. Myndhverfingar virðast vera órjúfanlegur þáttur tungumálsins en virkni þeirra felst í að nota reynslu af efnisheiminum til að vekja skilning á einhverju sem er óljóst. Myndhverfingar verða ekki aðskildar þessum reynslugrunni. Það þarf ekki annað en að fletta bók eins og *Íslensk orðtök* eftir Halldór Halldórsson (1954) til að sjá að flest þeirra orðtaka sem við notum í dag eiga rætur að rekja til samfélags sem fæstir núlifandi Íslendingar hafa reynslu af. Þetta dregur óneitanlega úr virkni orðtakanna. Tilvísunin er horfin, yfirfærsla merkingar á sér ekki stað og þau eru löngu hætt að styðja við hugsunina. Þau eru orðin að föstu orðalagi sem málnotendur þurfa að læra utanbókar. Myndhverfingin er dauð en þrátt fyrir það teljum við eðlilegt að iðka enn þetta orðfæri.

Þegar tungumálið þarf að burðast með lík í lestinni, orðtök sem samanstanda af dauðum myndhverfingum, vegna tregðu málnotenda til að sleppa takinu af gömlu málfari og bjóða nýtt velkomið fara að heyrast brestir í málinu. Mönnum verður fótaskortur á tungunni og nýjar kynslóðir missa tengslin við málið, upplifa það sem framandi og þróa í staðinn með sér sitt eigið, nothæfa mál. Hið ritaða mál hefur reynt að halda lífi í orðtökunum en þegar lestur er á undanhaldi fara lífslíkur þeirra minnkandi.

Tungumálið sem um ræðir er ekki lifandi lengur og skólakerfið á í basli með það. Það staðfesti viðtal okkar við kennara og nemendur en þeir eru sammála um að mál og myndhverfingar af eldra málstigi þvælist fyrir skilningi nemenda. Nemendur hafa fæstir migið í saltan sjó, þeir hafa ekki borið klæði á vopnin né riðið við einteyming enda er myndmál þessa horfna veruleika þeim þungur baggi. Þeir sitja uppi með arf þessarar íþróttar að láta orð um einn veruleika standa fyrir annan með samsvarandi merkingaryfirfærslu. Afurð þessarar iðju hefur safnast upp í íslensku um hundruð ára og hún virkar ágætlega þegar allir vita hver aðgerðin er. Áður en við vitum af erum við komin í allt aðra veröld og myndhverfingarnar eru orðnar rykfalið erfðagóss. Þegar svo er orðið eru nemendur og kennarar komnir í erfiða stöðu.

Skólakerfið getur farið þrjár ólíkar leiðir í þessum efnum. Það getur haldið áfram á sömu braut og reynt að laða nemendur að gömlu orðskráði málsins. En út frá því sem hér hefur komið fram virðist það ekki vera farsælasta leiðin. Önnur leið sem því er fær er að fara að fordæmi ekki ómerkari manna en Thomas Hobbes, John Locke og George Orwell og hvetja nemendur til að sneiða algjörlega hjá myndhverfingum. Lögð yrði áhersla á skýran og hnitmiðaðan texta án nokkurra skreytinga. Nemendur myndu þá þjálfast í að segja meiningu sína skýrt og skorinort, án nokkurra krókaleiða eða klisja og myndu þannig komast hjá mismælum og þeim álitshnekki sem þeim fylgja. Að endingu er það okkar tillaga sem við teljum að gæti breytt viðhorfi nemenda til íslenskukennslu og móðumáls síns almennt. Í stað þess að kenna nemendum aðeins yfirfærða merkingu þessara gömlu orðtaka er ef til vill réttara að kenna þeim um þau, það er að segja hvernig myndhverfingar verða til og hver virkni þeirra er, til þess að þeir haldi íþróttinni á lofti. Þessa nálgun mætti í raun taka í allri kennslu um málið, í stað þess að kenna ítarlega málfræði mætti þess í stað fræða nemendur um eðli málsins, myndun og þróun.

Varðveisluhneigðin er rík í uppfræðurum þessa lands og því má gera ráð fyrir að þeir séu ekki tilbúnir til að henda líkinu fyrir borð. Þeir væru þar að auki líklega ekki þeir einu sem stæðu í vegi fyrir svo róttækum breytingum. Flestir Íslendingar eru málræktarmenn, að einhverju marki, og því er ekki ótrúlegt að foreldrar og aðrir sem standa að nemendum eða láta sig skólamál varða spyrni fæti við slíkri stefnubreytingu. Þá væri ef til vill vel til fundið að rýna dýpra í orðtökin og fræða nemendur um uppruna þeirra og þann veruleika sem varð kveikjan að myndhverfingunum. Í því er prýðileg sagnfræðikennsla fólgin og nemendur eiga þannig möguleika á að öðlast raunverulegan skilning á orðtökunum.

Meðan á ritgerðarferlinu stóð vaknaði sú spurning hvort til sé orðfæri sem sneiðir algjörlega hjá myndhverfingum, svipað og ein þeirra leiða sem við stungum upp á að skólakerfið gæti farið. Ef orðfærið er orðið fólki óþjálmt vegna myndmálsklafans er ekki óeðlilegt að það hreinlega kasti honum af sér og leitist eftir einföldu og stílhreinu máli í anda Hobbes, Locke og Orwell. Það væri áhugavert að skoða mál ýmissa jaðarhópa á Íslandi, svo sem nýbúa, unglinga eða annarra hópa, sem af einhverjum ástæðum samræmist ekki hinu hefðbundna, viðurkennda máli. Eru dæmi um einhver málsmáfélög þar sem myndhverfingar fyrirfinnast ekki eða eru þær órjúfanlegur þáttur í tungumálum? Er það einfaldlega eðli hugsunarinnar að nýta sér merkingaryfirfærslu til að túlka veruleikann og útskýra?

Það væri einnig áhugavert að ráðast í kerfisbundnar rannsóknir á orðtökum íslenskrar tungu og myndhverfingum þeirra og hver staða þeirra er í máli manna. Við erum sannfærðar um að slíkar rannsóknir myndu styðja það sem hér hefur verið haldið fram um dauða myndhverfinga og afleiðingar þess.

Hver framtíð tungumálsins verður er ekki hægt að segja fyrir um en svo mikið er víst að það verður að fá að þróast og dafna til að halda lífi. Þá getur verið erfitt burðast með óþarfa byrði. Líkið í lestinni er fyrir löngu farið að rotna, jafnvel fyrir hálfri öld síðan var kominn fnykur af því og nú er daunninn nær óbærilegur.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. Íslensku hluti. (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 23. mars 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/nr/3953>.
- Ari Páll Kristinsson. (1996). Hagnýting málvísinda. Í *Erindi um íslenskt mál* (bls. 110-122). Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- Ari Páll Kristinsson. (2001, mars). *Málrækt: Hvernig, hvers vegna?* Sótt 18. mars 2011 af <http://www.islenskan.is/malfregnir.html>.
- Ashworth, E. Jennifer. (2009, september). Medieval Theories of Analogy. Í E. N. Zalta (ritstjóri), *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Sótt 21. febrúar 2011 af <http://plato.stanford.edu/archives/fall2009/entries/analogy-medieval/>.
- Árni Daníel Júlíusson, Haukur Jóhannesson, Hulda Sigurborg Sigtryggsdóttir, Jón Ólafur Ísberg, Viðar Hreinsson, Guðmundur Guðjónsson o.fl. (1989). *Íslenskur söguatlas, frá öndverðu til átjándu aldar*, 1. bindi. Í Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson (ristjórar). Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. (1964). Um geymd íslenzkra orða. Í Halldór Halldórsson (ritsjóri), *Þættir um íslenskt mál* (bls. 158-176). Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Baldur Jónsson. (2002). Málræktarspjall. *Málgreinar. Afmælisrit Baldurs Jónssonar með úrvali greina eftir hann* (bls. 413–421). Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Baldur Jónsson. (2006). Inngangur. Í Baldur Jónsson (ristjóri), *Þjóð og tunga: Ritgerðir og ræður frá tímum sjálfstæðisbaráttunnar* (bls. 13-32). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Baldur Ragnarsson. (1965). *Mál og málnotkun*. Reykjavík: Skálholt h.f.
- Benedikt Jónsson. (2006). Tungan. Í Baldur Jónsson (ristjóri), *Þjóð og tunga: Ritgerðir og ræður frá tímum sjálfstæðisbaráttunnar* (bls. 193-206). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Boeree, C. George. (2003). The Origins of Language. Sótt 19. febrúar 2011 af <http://webpace.ship.edu/cgboer/langorigins.html>.

- Brynhildur Þórarinsdóttir. 2006. Bókaormafræði: Um barnabókmenntir í grunnskólum. *Skíma*, 29:22-39.
- Burton, Gideon O. (2007, febrúar). *Silva Rhetoricæ: The Forest of Rhetoric*. Sótt 31. mars 2011 af <http://rhetoric.byu.edu/>.
- Chandler, Daniel. (2001, maí). Rhetorical Tropes. Í *Semiotics for Beginners*. Sótt 16. febrúar 2011 af <http://www.aber.ac.uk/media/Documents/S4B/sem07.html>.
- Eckert, Penelope. (1998). Age as a Sociolinguistic Variable. Í Florian Coulman (ritstjóri), *The Handbook of Sociolinguistics* (bls. 151-167). Oxford: Blackwell Publishing.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (1985). Hverjir eiga íslensku? *Morgunblaðið 1. maí 1985*. Sótt 29. mars 2011 af <http://notendur.hi.is/eirikur/hveigisl.pdf>.
- Elín Helga Egilsdóttir. (2011, mars). Hafragrauts splitt. *Pressan*. Sótt 23. mars 2011 af http://www.pressan.is/heilsupressan/Lesa_Heilsuuppskriftir/hafragrauts-splitt.
- Erna Árnadóttir. (2000). Skiptir það máli? Í Heimir Pálsson (ritstjóri), *Lestrarbókin okkar: Greinasafn um lestur og læsi* (bls. 57-66). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Gísli Pálsson. (1979). Vont mál og vond málfræði: Um málveirufraði. *Skírnir*, 153, 175-201.
- Gísli Sigurðsson. (2006, 2. desember). Málstefna og sjálfstæðisbarátta. *Mbl.is*. Sótt 14. mars 2011 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1117338.
- Guðmundur Hálfðanarson. (1992). *Íslenskur söguatlas: Frá 18. öld til fullveldis*, 2. bindi. Í Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson (ritstjórar). Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Guðmundur Jónsson. (1994). *Íslenskur söguatlas: Saga samtíðar - 20. öldin*, 3. bindi. Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson (ritstjórar). Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Guðrún Kvaran. (1996). Þættir úr sögu orðaforðans. Í *Erindi um íslenskt mál* (bls. 35-47). Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- (2001, apríl). Hvernig búum við til ný orð? *Vísindavefurinn*. Sótt 1. apríl 2011 af <http://visindavefur.is/?id=1508>.

- Gunnar Karlsson. (2005, október). Hvaða þátt átti íslensk tunga í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga? *Vísindavefurinn*. Sótt 15. mars 2011 af <http://visindavefur.is/?id=4709>.
- Halldór Halldórsson. (1954). *Íslensk orðtök*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f.
- Hobbes, Thomas. (1996). *Leviathan*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Íslensk málnefnd. (2009, nóvember). *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2009*. Sótt 30. mars 2011 af <http://www.islenskan.is/Alyktun%20um%20stodu%20islenskunnar/Alyktun2009.pdf>
- Menntamálaráðuneytið. (2008). *Íslenska til alls: Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu*. Sótt 29. mars 2011 af http://www.islenskan.is/Islenka_til_alls.pdf.
- Jakob Benediktsson. (1964). Þættir úr sögu íslenzks orðaforða. Í Halldór Halldórsson (ritsjóri), *Þættir um íslenzkt mál* (bls. 88-109). Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jón G. Friðjónsson. (1996). Meðal annarra orða. Í *Erindi um íslenskt mál* (bls. 49-64). Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- (2006). *Mergur málsins: Íslensk orðatiltæki, uppruni, saga og notkun* (2. útgáfa). Reykjavík: Mál og menning.
- Kjartan G. Ottóson. (1990). Tungan í straumi sjálfstæðisbaráttunnar. *Íslensk málhreinsun: Sögulegt yfirlit*, (bls. 76-99). Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Lakoff, George. (1987). The Death of Dead Metaphor. *Metaphor & Symbolic Activity*, 2(2), 143-147. Sótt af EBSCOhost.
- Lakoff, George og Johnson, Mark. (1980). *Metaphors We Live By*. Chicago: The University of Chicago Press.
- Locke, John. (2004). *An essay concerning human understanding*. London: Penguin Books.
- Nína Margrét Jónsdóttir. (2011, mars). Glóðað lambakjöt. *Bleikt.is*. Sótt 23. mars 2011 af <http://www.bleikt.is/Samskiptikynjanna/lesagrein/glodadlambakjot/>.
- Ragnheiður Gestsdóttir. (2005). Að lesa. *Hrafnaping*, 2:104-114.

- Rodriguez-Pereyra, Gonzalo. (2008, september). Nominalism in Metaphysics. Í E. N. Zalta (ritstjóri), *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Sótt 20. febrúar 2011 af <http://plato.stanford.edu/archives/fall2008/entries/nominalism-metaphysics/>.
- Sigrún Karlsdóttir. (2007, ágúst). Eru til margar gerðir skýja? *Vísindavefurinn*. Sótt 25. mars 2011 af <http://visindavefur.is/?id=6779>.
- Silverman, Kaja. (1983). *The Subject of Semiotics*. New York: Oxford University Press.
- Snara.is*. (e.d.). Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi. Sótt 20. febrúar 2011 af <http://snara.is/8/>.
- Sölvi Sveinsson. (1993). *Íslensk orðtök*. Reykjavík: Iðunn.